

# Samfélag, umhverfi og starfsfólk

Samfélagsskýrsla Norðuráls 2021



<b>Ávarp forstjóra</b> .....	<b>4</b>
<b>Um Norðurál</b> .....	<b>5</b>
Samfélagsábyrgð Norðuráls .....	6
Helstu áherslumál .....	6
<b>Tímabil umtalsverðra breytinga</b> .....	<b>8</b>
Trúnaði aflétt af orkusamningum .....	8
Langtímasamningur um grænt ál .....	8
Græn fjármögnun .....	8
Nýr raforkusamningur .....	9
Breyting á vaktakerfi .....	9
Aðgerðir vegna Covid-19 .....	9
Breytingar í stjórnendateymi .....	9
<b>Vottanir, gæðastaðlar, siðir og lög</b> .....	<b>10</b>
Alþjóðleg ASI vottun .....	10
ISO vottanir .....	10
Siðferði og heilindi .....	13
<b>Fjögur heimsmarkmið SP</b> .....	<b>14</b>
<b>Hagnaður á árinu</b> .....	<b>15</b>
Lykiltölur 2021 .....	15
Skattspor Norðuráls .....	16
<b>Kolefnishlutleysi</b> .....	<b>17</b>
Rannsóknar- og nýsköpunarverkefni .....	18
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum .....	20
Losun vegna rafgreiningar .....	23
<b>Stærsti vinnustaður Vesturlands</b> .....	<b>32</b>
576 fastráðin .....	32
Aðbúnaður og heilsa í fyrirrúmi .....	33
Vinnustaðargeiningar og kannanir .....	34
Covid-19 .....	35
<b>Öryggið ofar öllu</b> .....	<b>36</b>
Skipulag og stjórnun .....	36
Menntun og þjálfun .....	37
Réttindi og virðing .....	38
Samfélagsverkefni .....	38





GRI 102 45  
GRI 102 46  
GRI 102 47  
GRI 102 50  
GRI 102 51  
GRI 102 54  
GRI 102 56  
GRI 103 1

Þessi skýrsla fjallar um fyrirtæki í samstæðureikningi fyrir Norðurál Grundartangi ehf. og Norðurál ehf. Hér eru í fyrsta sinn gefnar út upplýsingar um samfélags-, umhverfis- og efnahagsmál í samræmi við viðmið GRI staðalsins (GRI Standards), en skýrslugerð verður árviss hér eftir. Um er að ræða kjarna (core) staðalsins og gerð skil á öllum þeim GRI vísum sem tengjast starfsemi Norðuráls. Stuðst er við kortlagningu stýrihóps á helstu sneriffilum starfseminnar, stefnu, gildum og markmiðum félagsins. GRI-vísarnir eru aðgengilegir í GRI-Index töflu. Stýrihópur vann að mikilvægisgreiningu í samráði við Langbrók ehf. GRI vottaðan ráðgjafa.

Útgefið í ágúst 2022.

Skýrslan fjallar um tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2021.

Ábyrgðaraðili: Sólveig Kr. Bergmann, solveig@nordural.is



# Við berum víðtæka ábyrgð

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins, einn stærsti vinnustaðurinn og einn af stærstu kaupendum íslenskrar raforku. Við berum því víðtæka ábyrgð, sem við tökum alvarlega. Kjarninn í samfélagsábyrgð okkar miðar að því að skapa efnahagsleg verðmæti á sjálfbæran og ábyrgan hátt til framtíðar og haga starfsemi okkar þannig að við hámarkum jákvæð áhrif á samfélagið. Þetta endurspeglast í yfirlýsingu okkar um samfélagsmál:

GRI 102 12

GRI 102 14

GRI 102 54

## Norðurál er traust og áreiðanlegt fyrirtæki. Við framleiðum ál á ábyrgan, öruggan og arðbæran hátt í sátt við umhverfi og samfélag.

Heimurinn hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Fólki og fyrirtækjum er umhugað um loftslagsmál. Almennigur gerir þá kröfu til fyrirtækja og stofnana að þau grípi til aðgerða til að lækka kolefnisspor sitt. Þessi nýi veruleiki felur í sér áskoranir en einnig gríðarleg tækifæri fyrir Norðurál.

Stærsti einstaki þátturinn í kolefnisspori álframleiðslu á heimsvísu er raforkan. Á Íslandi er orkan endurnýjanleg og þegar það helst í hendur við stöðugan rekstur og öruggan tækjabúnað getum við framleitt ál sem er það grænasta í heimi.

Í okkar rekstri hefur góður árangur náðst við að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda, minnka sóun og bæta nýtingu hráefna. Árangurinn hefði ekki náðst án okkar frábæra starfsfólks og stöðugleika í rekstri. Skýr umhverfisvitund og ábyrgð gegna lykilhlutverki á öllum stigum framleiðslunnar, allt frá aðföngum í fjarlægum löndum að hámarksnýtingu og endurvinnslu allra hráefna.

En verkinu er hvergi nærri lokið. Við stefnum á kolefnishlutleysi í okkar rekstri og tökum virkan þátt í þróunar- og nýsköpunarverkefnum þar sem leiða er leitað til að fanga og binda eða nýta það CO<sub>2</sub> sem losnar við álframleiðslu Norðuráls.

Þá losun sem verður utan framleiðslunnar ætlum við að draga saman um að minnsta kosti 40% fyrir árið 2030, miðað við árið 2015. Á sama tíma ætlum við að draga saman urðun á blönduðum úrgangi um minnst 40%. Nú þegar hefur góður árangur náðst. Losun gróðurhúsalofttegunda sem áætlunin nær til hefur dregist saman um 27% og úrgangsmagn um 8%. Þessi árangur er starfsmönnum Norðuráls hvatning til að halda áfram ötulu starfi við að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Við höfum sett okkur háleit markmið sem kalla á stöðuga vinnu, því verkinu er í raun aldrei lokið. Það er alltaf hægt að finna leiðir til að gera betur, hvort sem er í umhverfis-, öryggis- eða gæðamálum. En þessi vinna, þessi þörf fyrir að gera betur og bæta sig, er líka markmið í sjálfu sér, því sá sem ekki er á stöðugri hreyfingu fram á við, dregst aftur úr.

**Gunnar Guðlaugsson**



# Um Norðurál


GRI 102 1  
GRI 102 2  
GRI 102 3  
GRI 102 5  
GRI 102 6  
GRI 102 7  
GRI 102 9

Norðurál Grundartangi ehf. rekur álver á Grundartanga og framleiðir ál og álblöndur fyrir alþjóðamarkað. Fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir framleiðslu á allt að 350 þúsund tonnum af áli á hverju ári. Starfsstöðvar eru á Grundartanga og Skógarhlíð í Reykjavík.

Norðurál Grundartangi ehf. er í 100% eigu Norðuráls, sem er í 100% eigu Century Aluminum Company, sem er skrásett í Bandaríkjunum. Stjórn Norðuráls Grundartanga ber ábyrgð á að skipulag og rekstur sé í góðu ástandi, ber ábyrgð á framþróun og langtíamarkmiðum Norðuráls Grundartanga og hefur eftirlit með daglegum rekstri fyrirtækisins.

Norðurál Grundartanga var með samning við Concord Resources Limited og Glencore International vegna sölu á öllu áli fyrir framleiðslu og til afhendingar á árunum 2020 og 2021. Samningurinn er byggður á markaðsverði LME á áli auk álags við sölu innan Evrópu-sambandsins.

**Norðurál er traust og áreiðanlegt fyrirtæki. Við framleiðum ál á ábyrgan, öruggan og arðbæran hátt í sátt við umhverfi og samfélag.**



## Samfélagsábyrgð Norðuráls

Hjá Norðuráli er lögð áhersla á virðingu fyrir mannréttindum, samfélagi og umhverfi. Stöðugt er unnið að því að halda umhverfisáhrifum af starfsemi í lágmarki og nýta betur orku og hráefni. Öryggi, heilbrigði og vellíðan starfsfólks er í fyrirrúmi. Lögð er áhersla á jafnan rétt starfsfólks til starfsframa, launa og réttinda, óháð kynferði, kynhneigð, trúarbrögðum eða uppruna. Við leitumst við að hafa hvetjandi áhrif á alla virðiskeðju okkar og leggjum áherslu á að innkaup séu unnin af heilindum og í samræmi við gildi fyrirtækisins.

Öflug áhættustýring hefur verið innleidd hjá Norðuráli og greinist áhætta fyrirtækisins í fjóra flokka: viðskiptaáhættu, fjármögnunaráhættu, rekstraráhættu og umhverfisáhættu.

Norðurál er verulega háð verðbreytingum á áli, verði og aðgengi að orku, launakostnaði og kostnaði við öflun kyllhráefna, eins og súrál og rafskauta. Laun, skattar og ýmiss annar rekstrarkostnaður er í íslenskum krónum en tekjur fyrirtækisins að mestu í dollurum. Óhagstæðar breytingar á þessum þáttum geta haft veruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins.

Helstu tækifæri felast í lágu kolefnisspori íslensks áls ásamt legu landsins, sem er innan markaðssvæðis þar sem mikil eftirspurn er eftir áli.

### Helstu áherslumál:

#### Framleiðsla í sátt við umhverfi

Stöðugt er unnið að lágmarkun umhverfisáhrifa og ábyrgri nýtingu orku og hráefna. Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsfólks í umbótum. Norðurál uppfyllir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, sem og lögum og reglum um umhverfismál.

#### Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

Norðurál hefur sett sér metnaðarfull markmið um að losun gróðurhúsalofttegunda utan viðskiptakerfis ESB skuli árið 2030 hafa dregist saman um a.m.k. 40%.

#### Markviss umhverfisvöktun

Umhverfisvöktun tekur til um 100 mælipátta í lofti, sjó og ferskvatni, húsdýrum og gróðri í og við Hvalfjörð. Þar er gengið úr skugga um að starfsemi Norðuráls hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Umhverfisvöktun er framkvæmd af óháðum aðilum.

**Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins, einn stærsti vinnustaðurinn og einn af stærstu kaupendum íslenskrar raforku. Kjarninn í samfélagsábyrgð okkar miðar að því að skapa verðmæti á sjálfbæran og ábyrgan hátt til framtíðar, með jákvæðum áhrifum á samfélagið.**

### Minni sóun og betri nýting verðmæta

Norðurál heldur Grænt bókhald, sem er nákvæm skrá yfir allt efni sem kemur til álversins og allt sem fer frá því. Markmið okkar er að takmarka alla efnisnotkun eins og kostur er og gera ítarlega grein fyrir því hvað verður um öll óæskileg efni.

### Fólk í fyrirrúmi

Norðurál hagar starfsemi sinni og viðskiptum með virðingu fyrir mannréttindum. Norðurál leggur áherslu á jafnan rétt starfsfólks til starfsframa, launa og réttinda, óháð kynferði, kynhneigð, trúarbrögðum eða uppruna. Norðurál vinnur að stöðugum umbótum og uppfyllir lög og reglur um mannréttindi og jafnrétti.

### Virk þátttaka starfsfólks í forvörnum og umbótum

Norðurál hefur öryggi og heilbrigði í fyrirrúmi. Starfsfólk þekki áhættur og örugg vinnubrögð og að ekkert verk eigi að vinna við ótryggar aðstæður. Áhersla er lögð á virka þátttöku starfsfólks í forvörnum og umbótum. Norðurál uppfyllir lög og reglur um öryggis- og heilbrigðismál.

### Uppbyggileg samskipti

Við erum hluti af stærra samfélagi sem nær til fjölskyldna okkar, nágrennis og alls umhverfisins. Við erum stolt af samfélagi okkar og viljum að samfélagið sé stolt af okkur.

### Ábyrgir viðskiptahættir

Norðurál lítur á það sem hluta af samfélagslegri ábyrgð sinni að miðla þekkingu starfsfólks, jafnt til fræðasamfélagsins sem og tækni- og nýsköpunariðnaðar. Með því að stuðla að öflugum samstarfi á því sviði getur Norðurál stuðlað að skilvirkari starfsemi og mögulega samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda.

### Ábyrg innkaup

Norðurál leggur áherslu á að öll innkaup séu unnin af heilindum, ábyrgð og hagkvæmni. Norðurál hagar starfsemi sinni þannig að við innkaup er tekið tillit til gæða-, umhverfis- og heilsusjónarmiða. Norðurál vinnur að stöðugum umbótum og uppfyllir lög og reglur um innkaup er gilda hverju sinni.

### Stöðugt umbótastarf

Það má alltaf gera betur á öllum sviðum. Aldrei má stoppa og láta gott heita, heldur alltaf leita leiða til að ná meiri árangri.

# Tímabil umtalsverðra breytinga

GRI 102 10

GRI 102 12

## Trúnaði aflétt af orkusamningum Norðuráls

Norðurál telur eðlilegt að gagnsæi ríki um það verð sem fyrirtækið greiðir fyrir orku sem unnin er á Íslandi og mikilvægt er að umræða um samkeppnisumhverfi fyrirtækisins byggja á áreiðanlegum upplýsingum. Norðurál nýtir um fjórðung allrar raforku sem framleidd er á Íslandi og við höfum fullan skilning á því að almenningur vilji hafa skýra mynd af nýtingu og afgangi auðlinda í sameiginlegri eigu þjóðarinnar.

Í nóvember 2020 óskaði Norðurál eftir afléttingu trúnaðar af orkusamningum fyrirtækisins. Á árinu 2021 var trúnaði aflétt af samningum Norðuráls við Landsvirkjun, sem og OR og má nálgast þá í heild hér. Trúnaðarákvæði er enn í gildi um samning Norðuráls við OR og HS Orku frá árinu 2005, en aðrir langtímasamningar fyrirtækisins eru öllum aðgengilegir.

## Fyrsti langtímasamningur í heimi á grænu áli

Ál undir merkjum Natur-AL™, sem Norðurál framleiðir á Grundartanga, hefur kolefnisspor sem jafngildir 4 tonnum af koldíoxíði á hvert tonn af áli, allt frá öflun baxíts og vinnslu áloxiðs til álvinnslu og flutnings alla leið til kaupanda. Heildarlosun kolefnisígilda við framleiðslu Natur-AL™ er því innan við fjórðungur af meðallosun álframleiðslu í heiminum. Þessi árangur byggir á stöðugleika í rekstri og ströngum viðmiðum um umhverfismál ásamt nýtingu orku úr 100% endurnýjanlegum orkugjöfum.

Gengið var frá sölusamningi um 150.000 tonn af Natur-AL™ áli yfir fimm ára tímabil til austurríska framleiðslufyrirtækisins Hammerer Aluminium Industries. Um er að ræða fyrsta langtímasamning um grænt ál á heimsvísu. Hammerer Aluminium framleiðir byggingavörur, íhluti í rafeindabúnað, almenningssamgöngur og bifreiðar.

## Græn fjármögnun fyrir 16 milljarða fjárfestingaverkefni

Skrið var undir samning við Arion banka um græna fjármögnun á nýrri framleiðslulínu í steypuskála Norðuráls. Um er að ræða fjárfestingaverkefni sem nemur um 120 milljónum dala, eða tæpum 16 milljörðum króna.

Ný framleiðslulína gerir Norðuráli kleift að vinna fleiri og verðmætari vörur úr því áli sem unnið er í álveri fyrirtækisins. Framleiddar verða álstangir til að mæta mikilli eftirspurn frá evrópskum viðskiptavinum, en stangirnar verða nýttar í vörur eins og bíla, flugvélar, byggingar og raftæki.

Ekki er um að ræða aukningu á álframleiðslu, heldur verður álið unnið áfram og framleidd verðmeiri afurð en áður, en álstangir eru verðmætari en hleifar sem steptir eru í núverandi steypuskála. Með nýrri framleiðslulínu sparast umtalsverð orka í steypuferlinu, eða um 40%, auk þess sem útflutningstekjur Norðuráls aukast um rúma fjóra milljarða á ári.

Byggingarframkvæmdir munu skapa um 100 tímabundin störf, en við gangsetningu nýju framleiðslulínunnar skapast um 40 störf til framtíðar.

**Árin 2020 og 2021 voru um margt óvenju viðburðarík á ýmsum sviðum í rekstri Norðuráls. Umtalsverðar breytingar urðu stjórnendateymi, nýir samningar voru gerðir og nýjungum var ýtt úr vör, jafnt á sviði vöru- og tækniþróunar, mannauðsmála og upplýsingastefnu. Þá setti Covid-19 verulegan svip á starfsemi Norðuráls eins og annarra fjölmennra vinnustaða.**



## Nýr raforkusamningur við Landsvirkjun

Landsvirkjun og Norðurál undirrituðu nýjan raforkusamning í júlí sem felur í sér þriggja ára framlengingu á fyrri samningi og stuðning við fjölbreyttari framleiðslu og framtíðarvöxt. Samkomulag um aukna afhendingu á orku styður við áætlanir Norðuráls um að fjárfesta í nýjum steypuskála, þar sem fyrirhugað er að framleiða virðisaukandi sérvöru sem styrkir samkeppnisstöðu fyrirtækisins.

Núgildandi samningur fyrirtækjanna er með tengingu við norræna raforkumarkaðinn Nord Pool og gildir áfram til 31. desember 2023. Með nýjum samningi er samningstíminn framlengdur um þrjú ár, eða út árið 2026, á föstu verði.

## Breyting á vaktakerfi og stytting vinnuviku

Með það að markmiði að gera Norðurál að fjölskylduvænni vinnustað var í maí tekið upp átta tíma vaktakerfi í ker- og steypuskála, í stað tólf tíma vakta. Jafnframt var stigið skref í átt að styttingu vinnutíma dagvinnufólks. Við bættist fimmtíu vakthópurinn í ker- og steypuskála sem fól í sér að ráðið var í nýjar stöður. Breytingin var í samræmi við kjarasamning sem samþykktur var með um 90% greiddra atkvæða.

## Aðgerðir vegna Covid-19

Covid faraldurinn setti mark sitt á rekstur Norðuráls árið 2021. Um starfsemi Norðuráls ríkir undanþága frá stjórnvöldum þegar kemur að almennum aðgerðum, þar sem fyrirtækið og starfsemin eru skilgreind sem efnahagslega mikilvæg. Efnahagslegt mikilvægi okkar styrkti okkur enn frekar í að gera allt sem í okkar valdi stóð til að tryggja góðar sóttvarnir. Vinnustaðnum var skipt upp í 22 sóttvarnarsvæði og var umgangur á milli þeirra takmarkaður eða enginn. Strangar sóttvarnir voru viðhafðar til að vernda framlínustarfsfólk og þar með framleiðsluna. Starfsfólk Norðuráls lagðist á eitt um að halda framleiðslunni gangandi á þessum erfiðu tímum og með samtakamætti tókst að viðhalda rekstrinum og engar tafir urðu á afhendingu vörunnar til viðskiptavina. Við erum gríðarlega stolt af þessum árangri.

## Breytingar í stjórnendateymi

Gunnar Guðlaugsson, forstjóri Norðuráls, var á árinu ráðinn til að stýra álverum Century Aluminum í Evrópu og Norður Ameríku. Nýr starfstíll Gunnars er „Executive Vice President, Global Operations“. Century Aluminum á og rekur, auk Norðuráls, þrjú álver í Norður Ameríku og rafskautaverksmiðju í Hollandi. Gunnar hefur starfað hjá Norðuráli frá árinu 2008 og sem forstjóri frá árinu 2019. Því hlutverki mun hann sinna áfram.

Sigrún Helgadóttir tók við sem framkvæmdastjóri Norðuráls Grundartanga og hefur yfirumsjón með daglegum rekstri álversins. Aðrar breytingar á framkvæmdastjórn urðu þær að Birna Björnsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri skautsmiðju og kerskála, Guðný Björg Hauksdóttir framkvæmdastjóri mannauðssviðs, Guðmundur Óskar Ragnarsson framkvæmdastjóri steypuskála og Þorsteinn Ingi Magnússon tók við stöðu framkvæmdastjóra öryggis-, umhverfis- og umbótasviðs.

# Vottanir, gæðastaðlar, siðir og lög

GRI 102 9  
GRI 102 11  
GRI 102 12  
GRI 102 13  
GRI 102 22  
GRI 102 25  
GRI 412 3  
GRI 414 1  
GRI 414 2

Norðurál er með ASI vottun um umhverfissvæna og ábyrga framleiðslu, ISO 9001 vottað gæðastjórnunarkerfi og umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi vottuð samkvæmt ISO 14001 og ISO 45001 stöðlum. Norðurál er jafnlaunavottað fyrirtæki samkvæmt ÍST 85:2012 og handhafi gullmerkis PWC. Norðurál setur fram markmið og áætlanir í samræmi við GRI staðalinn. Jafnframt er lögð áhersla á fjögur Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem snúa að sjálfbærri þróun og eru í samræmi við áherslur Norðuráls í samfélags- og umhverfismálum.

## Alþjóðleg ASI vottun

ASI (The Aluminium Stewardship Initiative) eru alþjóðleg samtök leiðandi álframleiðenda og hráefnisframleiðenda, umhverfissamtaka og samtaka um samfélagsábyrgð, ásamt framleiðendum á vörum úr áli og álblöndum. Markmið samtakanna er að hvetja til samfélagsábyrgðar og umhverfissvæna vinnubragða við álframleiðslu og álnotkun, allt frá frumvinnslu hráefnis að endanlegri afurð og endurvinnslu áls. Félagar í samtökunum koma úr öllum áttum og heimshornum, allt frá námafyrirtækjum til heimsþekktara fyrirtækja á neytendamarkaði fyrir drykkjarvörur, bíla og raftæki.

Norðurál hlaut í janúar 2020 alþjóðlegu ASI vottun um umhverfissvæna og ábyrga framleiðslu, fyrst þeirra álfyrirtækja sem starfa á Íslandi. Vottunin staðfestir að starfsemi og viðskiptahættir fyrirtækisins eru samfélagslega ábyrg og framúrskarandi á sviði umhverfissvænnar framleiðslu.



## ISO vottanir

Norðurál er með ISO 9001 vottað gæðastjórnunarkerfi og umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi vottuð samkvæmt ISO 14001 og ISO 45001 stöðlum. Vottunin tekur til framleiðslu Norðuráls á áli og álmelmi.

ISO staðlar eru byggðir upp í svokallaðri PDCA (Plan-Do-Check-Act) hugmyndafræði um stöðugar umbætur, og er samþætt stjórnkerfi Norðuráls byggt upp til að viðhalda þeim kröfum sem staðlarnir gera. Fyrsta úttekt á stjórnkerfum fór fram árið 2012 (ISO 9001) og 2013 (ISO 14001 og ISO 45001). Stjórnkerfum er viðhaldið með úttektum ytri aðila tvisvar á ári auk þess sem innri úttektir fara reglulega fram.


Norðurál er jafnlaunavottað fyrirtæki samkvæmt ÍST 85:2012 staðlinum og handhafi gullmerkis PWC.



Yfirsýn yfir  
stjórnkerfið

Starfsemi  
fyrirtækisins

Viðskiptaumhverfi  
og samfélag



Stjórnkerfi Norðuráls samanstendur af ýmsum þáttum en þar er helst að nefna gæðahandbók sem inniheldur ferla og leiðbeiningar ásamt ábendingakerfi þar sem skráð eru atvik og ábendingar. Ábendingum er fylgt eftir með fyrirbyggjandi aðgerðum og tækifærum til úrbóta. Stjórnkerfið tilheyrir allri starfsemi Norðuráls, þar með öllu starfsfólki og verktökum.

Norðurál starfar í samræmi við lög um ársreikninga, einkahlutafélög, hollustuhætti og mengunarvarnir, samkeppni, persónuvernd og peningabætti, auk almennrar vinnulöggjafar og landslaga. Fyrirtækið uppfyllir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum og reglum um umhverfismál og hefur undirritað Parísarsáttmálann um samdrátt í losun utan ETS kerfis.

Lögð er áhersla á gæðavitund starfsfólks og þátttöku í umbótum í umhverfismálum, öryggi, heilbrigði og mannréttindum. Sjá stefnur Norðuráls hér: <https://nordural.is/stefna-nordurals/>.

GRI 102 12

GRI 102 25

GRI 102 40

GRI 102 42

GRI 102 43

## Hagaðilar


**Margt í vinnubrögðum okkar er afleiðing af samræðum og samvinnu við hagaðila. Samskipti okkar við þá byggjast á skuldbindingu um gagnsæ og heiðarlega samskipti, enda mikilvægur þáttur í áframhaldandi velgengni fyrirtækisins.**

Samstarf og verklag, þ.m.t. tíðni samstarfs, fer eftir eðli og hagsmunahópum. Samskiptaáætlun liggur að baki samskiptum, og samstarfs- og framkvæmdaverkefni eru skráð í stjórnkerfum Norðuráls. Birgjum okkar og verktökum er skylt að fylgja stöðlum Norðuráls í öryggis- og umhverfismálum sem og viðskiptasiðferði. Við kunnum að meta endurgjöf frá hagaðilum okkar og bregðumst við fyrirspurnum.

Hagaðilagreining byggir á samstarfsflötum og sameiginlegum hagsmunum.

### Norðurál á í samstarfi við eftirfarandi samtök/félög:

- (ASI) Aluminium Stewardship Initiative
- Álklasinn
- European Aluminum
- Festa
- Grænvangur
- Samál
- Samtök atvinnulífsins
- Samtök iðnaðarins





## Hlutverk



Skapa verðmæti á samkeppnishæfan hátt



Framleiða ál sem mætir þörfum viðskiptavina



Vera ábyrgur þegn í samfélaginu

## Sýn



Vera fyrirtæki í fremstu röð



Vera slysalaus vinnustaður



Vera eftirsóknarverður vinnustaður

## Gildi



Hagsýni



Liðsæld



Heilindi

## Siðferði og heilindi

Century Aluminum Company, móðurfélag Norðuráls, og öll tengd félög skuldbinda sig til þess að hlíta ströngustu kröfum um heiðarleika, siðferði og ráðvendni í viðskiptum. Stjórnendur skrifa undir siðareglur þar sem settar eru fram skýrar leiðbeiningar til þess að sporna við óheiðarleika og siðleysi í háttsemi og stuðla að því að öll starfsemi félagsins standist þessar kröfur. Starfsfólk má ekki leyfa, bjóða, lofa né veita greiðslur í reiðufé eða öðrum verðmætum, beint eða gegnum þriðja aðila, til opinberra embættismanna eða starfsfólks fyrirtækis í einkageiranum, né til maka, sambýlisaðila, barns eða annars skyldmennis neinna slíkra aðila í þeim tilgangi að hafa áhrif á eða umbuna fyrir gjörðir eða ákvarðanatöku slíkra aðila eða til að öðlast ávinning. Hagaðilar og starfsfólk geta á auðveldan hátt tilkynnt um grun á broti til regluvarðar ([generalcouncil@centuryaluminum.com](mailto:generalcouncil@centuryaluminum.com)) eða nafnlaust gegnum tilkynningakerfi óháðs þriðja aðila, Ethical Advocate. Tilkynningar má senda allan sólarhringinn, alla daga, með því að hringja í síma 800 9610. Í kjölfar tilkynningar er hrint úr vör rannsókn innanhúss.

**Við gerum þá kröfu að allir birgjar og samstarfsaðilar Norðuráls, hvort sem um er að ræða viðskiptavinum, verktaka, umboðsmenn eða ráðgjafa, starfi af heilindum og ástundi heiðarleg viðskipti.**

GRI 102 11

GRI 102 12

GRI 102 17

GRI 102 25

GRI 102 38

GRI 205 1

GRI 205 2

GRI 412 3

GRI 414 1

# Fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Ísland er aðili að Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Loftslags-samningi Sameinuðu þjóðanna) og jafnframt aðili að Kyoto-bókuninni og Parísarsamkomu-laginu. Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna er helsti vettvangur ríkja heims til þess að ná fram samningum um hnattræn viðbrögð við loftslagsbreytingum. Því er vel við hæfi að stór íslensk fyrirtæki fylgi eftir áætlunum stjórnvalda og reyni að gera betur.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka jafnt til innanlandsmála sem alþjóðasamstarfs. Þau eru samþætt og mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar: efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar.

## Norðurál vinnur markvisst að fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna:



Jafnlaunavottun, Mannréttinda- og jafnréttisstefna, Mannréttinda- og jafnréttismarkmið og Jafnréttis-áætlun Norðuráls stuðla að því að ná 5. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna, sem er **að jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efld.**



Öryggis- og heilbrigðisstefna, Markmið í öryggis- og heilbrigðis-málum, Mannréttinda- og jafnréttis-stefna og Mannréttinda- og jafnréttismarkmið **stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnu-tækifærum fyrir alla.**



Gæðastefna, Gæðamarkmið, Umhverfisstefna, Umhverfismarkmið, Innkaupastefna, Innkaupamarkmið, Starfsleyfi og Umhverfismarkmið miða að því að **sjálfbær neyslu- og framleiðslu-mynstur verði tryggð.**



**Grípa þarf til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum** og áhrifum þeirra. Umhverfisstefna, Umhverfismarkmið, Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, Innkaupastefna og Innkaupamarkmið eru helstu aðgerðir Norðuráls til að vinna að 13. heimsmarkmiði SP.



# Hagnaður á árinu og verðmæti til samfélagsins

GRI 102 7  
GRI 201 1  
GRI 203 2  
GRI 204 1  
GRI 207 1

Markaðsaðstæður tóku miklum stakkaskiptum til batnaðar á árinu 2021. Söluverð áls á markaði var lágt árið 2020 og fór lægst í 1.457 USD/tonn í apríl 2020 en hækkaði þegar leið á árið og var að meðaltali 1.702 USD árið 2020. Hækkun hélt áfram á árinu 2021 og var álverð að meðaltali 2.480 USD/tonn árið 2021.

Útflutningsverðmæti Norðuráls námu 100,5 milljörðum króna (791 M USD) árið 2021. Af þeim tekjum námu greiðslur til íslenskra aðila 44,4 milljörðum króna í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum og þjónustuaðilum. Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum námu 7,4 milljörðum króna og meðallaun starfsfólks voru 9,7 milljónir króna á ári.

Norðurál skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti. Skattspor félagsins árið 2021 nam 5,9 milljörðum króna. Með öflun gjaldeyristekna, innkaupum á innlendra vöru og þjónustu, greiðslu skatta og opinberra gjalda, sköpun fjölmargra vel launaðra starfa og almennum og víðtækum stuðningi við samfélagið á Vesturlandi hefur Norðurál mikil og jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf.

**Framleiðsla Norðuráls árið 2021 var 315.182 tonn, sem er um 2.500 tonna aukning frá fyrra ári. Um 60.000 tonn af framleiðslu félagsins eru í formi virðisaukandi framleiðslu eða álmelmi. Með aukinni straumnýtni hefur Norðurál aukið ársframleiðslu úr 270 þúsund tonnum af áli árið 2010 í 315 þúsund tonn árið 2021. Hagnaður ársins 2021 nam 10.088 milljónum króna.**

Lykiltölur 2021	Milljónir ISK
Tekjur	100.471
Hagnaður	10.088
EBIDTA	12.062
Fjárfestingahreyfingar	2.021
Eiginfjárhlutfall	68%
Arðsemi eigin fjár	19,9%
Starfsfólk	601
Álframleiðsla (tonn)	315.182

Árið 1997 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Norðuráls með gildistíma til 31. október 2018. Árið 2016 virkjaði Norðurál heimild í samingnum um endurskoðun skattafyrirkomulags á þá leið að frá árinu 2017 laut félagið almennum íslenskum skattalögum og gaf þannig eftir fyrri skattaívilnanir.

Fjárfestingarsamningurinn er aðgengilegur á vef Atvinnuvegaráðuneytisins. [<https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/fjarfestingarsamningur-columbia-venture-og-nordural.pdf>]

## Skattspor Norðuráls

Efnahagsleg verðmæti af starfsemi Norðuráls námu rúmum 106 milljörðum króna árið 2021 og samanstanda af sölutekjum, fjármagnstekjum og söluhagnaði eigna. Þar af var 44 milljörðum króna ráðstafað til íslenskra aðila með margvíslegum hætti, svo sem launagreiðslum til starfsfólks, launatengdum gjöldum, kaupum á rafmagni, kaupum á aðföngum og þjónustu, og greiðslu skatta og annarra opinberra gjalda.

### Skattspor Norðuráls 2021 Milljónir ISK

Greiddir skattar og gjöld		
● Tekjuskattur	7%	398
● Mótframlag í lífeyrissjóði	16%	921
● Tryggingagjald	8%	441
● Fasteinagjöld	6%	326
● Hafnargjöld	4%	213
● Kolefnisgjald (ETS heimildir)	12%	693
● Umhverfissvöktun	1%	41
● Aðrir skattar og gjöld		8
<b>Alls greiddir skattar og gjöld</b>		<b>3.042</b>


Innheimtir skattar		
● Staðgreiðsla starfsmanna	39%	2.306
● Lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna	8%	496
<b>Alls innheimtir skattar</b>		<b>2.802</b>

### Skattspor 2021 5.845

Skattspor Norðuráls tekur til allra skatta og gjalda sem félagið greiðir eða innheimtir á Íslandi ásamt mótframlagi í lífeyrissjóði starfsfólks. Innheimtir skattar teljast ekki gjöld hjá félaginu en eiga uppruna í starfsemi þess og hafa áhrif vegna þeirrar umsýslu sem þeim tilheyrir. Efnahagslegt framlag (verðmæti) rekstrar félagsins árið 2021 nam 106,2 milljörðum króna og samanstendur af sölutekjum, fjármagnstekjum og söluhagnaði eigna.

	2019	2020	2021
Launagreiðslur og launatengd gjöld	7,5	7,9	7,4
Greiðslur til innlendra aðila	29	28,4	44,4
Útflutningsverðmæti samtals	77,1	77,2	100,5
Hlutfall innlendra greiðslna af heildartekjum	37,6%	36,7%	44,2%
Skattspor	4,5	4,7	5,8
Meðallaun starfsfólks í milljónum ISK	10,4	10,7	9,7

Upphæðir eru í milljörðum ISK á meðalgengi hvers árs.



## ETS kerfið

Sú losun gróðurhúsalofttegunda sem er beintengd framleiðsluferli Norðuráls fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS). Markmið þess er að draga úr losun frá framleiðslu stærri iðnfyrirtækja í Evrópu þar sem fyrirtækin þurfa að kaupa losunarheimildir. Viðskiptakerfið virkar því sem hagrænn hvati fyrir iðnfyrirtæki til að draga úr losun. Árið 2021 keypti Norðurál 95.321 tonn af heimildum og greiddi fyrir þær 693 milljónir króna.

## Græn fjármögnun nýrrar framleiðslulínu

Í nóvember var skrifað undir samning við Arion banka um græna fjármögnun á nýrri framleiðslulínu í steypuskála Norðuráls á Grundartanga. Um er að ræða fjárfestingaverkefni sem hleypur á um 120 milljónum dala, eða tæpum 16 milljörðum króna.

Verkefnið gerir Norðurali kleift að framleiða verðmætari vörur hér á landi með minni orkunotkun og minna kolefnisspori. Umtalsverð orka sparast í steypuferlinu eða um 40%. Arion banki gaf nýverið út sína fyrstu grænu fjármálaumgjörð sem tekur til fjármögnunar bankans og lánveitinga. Umgjörðin fjallar m.a. um þau skilyrði sem lánveitingar bankans þurfa að uppfylla til að teljast grænar. Umgjörðin er byggð á viðmiðum Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði, ICMA, og horfir til flokkunarkerfis Evrópusambandsins og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Norska matsfyrirtækið Cicero veitti álit á umgjörðinni.

## Heiðarleg viðskipti

Móðurfélag Norðuráls, Century Aluminum Company, og dótturfélög þess hafa einsett sér að ástunda gott siðferði og fara að lögum í viðskiptum um allan heim. Bandarísk og alþjóðleg lög og reglur banna spillta viðskiptahætti, s.s. óeðlilega fyrirgreiðslu og rangfærslur í bókhaldi og öðrum gögnum.

Tilgangurinn með stefnunni er að setja upp staðla og verklag sem starfsmönnum er skylt að hlíta til að tryggja að farið sé að lögum og tryggja gott orðspor fyrirtækis sem stundar heiðarleg viðskipti.

## Siðareglur

Century Aluminum Company, móðurfélag Norðuráls, og öll tengd félög skuldbinda sig til þess að hlíta ströngustu kröfum um heiðarleika, siðferði og ráðvendni í viðskiptum. Stjórnendur skrifa undir siðareglur þar sem settar eru fram skýrar leiðbeiningar til þess að sporna við óheiðarleika og siðleysi í háttsemi og stuðla að því að öll starfsemi félagsins standist þessar kröfur.

Starfsmenn mega ekki leyfa, bjóða, lofa né veita greiðslur í reiðufé eða öðrum verðmætum, beint eða gegnum þriðja aðila, til opinbers embættismanns eða starfsmanns fyrirtækis í einkageiranum, né til maka, sambýlisaðila, barns eða annars skyldmennis neinna slíkra aðila í þeim tilgangi að hafa áhrif á eða umbuna fyrir gjörðir eða ákvarðanatöku slíkra aðila eða til að öðlast óviðeigandi ávinning. Á sama hátt mega starfsmenn og nánasta fjölskylda þeirra ekki krefjast, samþykkja né taka við peningagreiðslum eða öðrum verðmætum beint eða gegnum þriðja aðila umfram almennar viðskiptavenjur.

Norðurál hefur náð góðum árangri við að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda, minnka sóun og bæta nýtingu hráefna. Við losum stöðugt minna af gróðurhúsalofttegundum, aukum hlut endurvinnslu ár frá ári og bætum aðferðir okkar stöðugt. Þess vegna köllum við álið okkar umhverfisvænasta ál í heimi.

Norðurál leggur áherslu á að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið. Stöðugt er unnið að lágmarkun umhverfisáhrifa og ábyrgri nýtingu orku og hráefna. Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsfólks í umbótum. Norðurál uppfyllir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum og reglum um umhverfismál.

## Umhverfismarkmið

- **Lágmarkun losunar**
- **Starfsfólk þekki umhverfisáhrif starfseminnar**
- **Ábyrg endurnýting og förgun**

## Kolefnishlutleysi

**Norðurál framleiðir ál með einu lægsta kolefnisspori í heimi. Þegar litið er á ferlið í heild, frá vinnslu hráefna til afhendingar fullunninnar vöru, nemur kolefnisspor áls frá Norðuráli einungis um fjórðungi af heimsmeðaltalinu. Við stefnum að því að verða fyrsta álver í heiminum sem framleiðir kolefnishlutlaust ál.**

Stærsta uppspretta gróðurhúsalofttegunda frá álverum er CO<sub>2</sub> sem losnar við bruna á kolefnisskautum við rafgreiningu á áli. Með bestu fánlegri tækni er ekki til önnur aðferð til að framleiða ál. Þess vegna er einkum horft til tveggja leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá álverum:

1. Að þróa nýja tegund skauta þar sem kolefni binst ekki súrefni. Það hefði í för með sér að losun CO<sub>2</sub> yrði hverfandi.
2. Að fanga CO<sub>2</sub> úr útblæstri kerskála og háfa. Stærsta áskorunin er sú að styrkur CO<sub>2</sub> per rúmmál í útblæstri er lítill, eða álíka mikill og í andrúmsloftinu.



**Norðurál tekur þátt í þróunar- og nýsköpunarverkefnum sem miða að því að gera álframleiðslu okkar að fullu kolefnishlutlaus. Meðal verkefna sem verða unnin á Íslandi þar sem hugvit og þekking sérfræðinga Norðuráls leikur lykilhlutverk:**


- Norðurál og norska fyrirtækið Ocean Geoloop munu starfa saman að því að þróa lausn um að fanga CO<sub>2</sub> sem losnar við framleiðsluna. Tæknin styðst við vatnsaflsvél sem nýtir CO<sub>2</sub> frá álverinu til raforkuframleiðslu, sem skilar sér síðan í sjálfvirkri kolefnistöskulausn fyrir Norðurál.
- Norðurál og Qair Group, sem er framleiðandi endurnýjanlegrar raforku, stefna á þróun lausna til að fanga og binda koldíoxíð sem losnar við álframleiðsluna. Áætlanir Qair miða að því að nýta CO<sub>2</sub> til framleiðslu á rafeldsneyti (e-fuel) í fyrirhugaðri vetnisverksmiðju Qair á Grundartanga.
- Norðurál styður við nemendur í HR vegna verkefna sem miða að kolefnishlutleysi. Stuðningurinn hefur verið í tengslum við umsóknir um styrki og aðgengi að gögnum og sérfræðingum.
- Nýverið fékk Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, prófessor við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík, styrk úr Rannsóknarsjóði fyrir doktorsnema og mun helga sig því verkefni að gera styrk koldíoxíðs í úblæstri Norðuráls hærri svo hægt sé að nota lausnir eins og til dæmis Carbfix.
- Norðurál er eitt þeirra fyrirtækja, sem ásamt stjórnvöldum og OR, er aðili að viljayfirlýsingu un að kanna hvort CarbFix geti orðið raunhæfur kostur til þess að draga úr losun CO<sub>2</sub> frá stóriðju. Sem stærsti viðskiptavinur OR höfum við frá upphafi komið að CarbFix verkefninu.
- Norðurál hefur aðstoðað Arctus Metal sem vinnur að því að þróa kolefnislaus rafskaut.

## Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

Umhverfisáhrif af starfsemi Norðuráls eru tvíþætt. Annars vegar eru það umhverfisáhrif sem fylgja álframleiðslunni sjálfri, sem falla undir viðskiptakerfi ESB og hins vegar þau almennu umhverfisáhrif sem fylgja rekstri stórs fyrirtækis. Við erum því í raun með tvenns konar umhverfisbókhald: eitt sem heldur utan um framleiðsluhlutann og annað sem heldur utan um losun sem verður til við annan rekstur fyrirtækisins.

Við höfum sett okkur metnaðarfull markmið þegar kemur að álframleiðslunni sjálfri, en ekki síður um að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda sem ekki fellur undir viðskiptakerfi ESB. Þetta er í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart Parísarsamningnum, sem kveða á um að árið 2030 skuli losun hafa dregist saman um a.m.k. 40% miðað við árið 2015. Jafnframt skuli urðun á blönduðum úrgangi hafa dregist saman um minnst 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2015.

Nú þegar hefur góður árangur náðst. Losun gróðurhúsalofttegunda sem áætlunin nær til hefur dregist saman um 27% og úrgangsmagn um 8%.



**Olíunotkun véla og tækja er stærsti hlutinn af heildinni og þar hefur þegar náðst 12% samdráttur.**

**Aðgerðaáætlun okkar í loftslagsmálum felur í sér 10 aðgerðir sem taka á stærstu losunarpáttum í þeim hluta starfseminnar sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir eða sjálfa álframleiðsluna.**

**Vélar og tækj**

Markmið: Samdráttur um 940 tonn CO<sub>2</sub>-ígilda ..... **Aðgerð 1:** Orkuskipti véla og tækja

**Kælimiðlar**

Markmið: 40% samdráttur ..... **Aðgerð 2:** Bætt gagnaskráning vegna notkunar kælimiðla  
..... **Aðgerð 3:** Endurskoðun á tegund kælimiðils

**Samakstur starfsfólks**

Markmið: Draga úr losun um 40% ..... **Aðgerð 4:** Áætlunargerð um orkuskipti fólksbíla Norðuráls

**Millilandaflug starfsfólks**

Markmið: 40% samdráttur ..... **Aðgerð 5:** Endurskoðun á ferli við samþykki flugferða  
Starfsfólk þarf að skila rökstuðningi fyrir þörf á ferðum milli landa.

**Endurvinnsla og förgun**

Markmið: Förgun á almennum blönduðum úrgangi dragist saman um 40%

..... **Aðgerð 6:** Samdráttur í plastnotkun  
..... **Aðgerð 7:** Kortlagning á möguleikum í nýtingu framleiðsluúrgangs  
sem fer í flæðigryfjur  
..... **Aðgerð 8:** Samræming sorpmerkinga  
..... **Aðgerð 9:** Fræðsla um úrgangs- og umhverfismál  
..... **Aðgerð 10:** Stuðningur við rannsóknaverkefni í áliðnaði

Nánari grein er gerð fyrir aðgerðaáætlun okkar í loftslagsmálum hér:

<https://nordural.is/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/>

## Umhverfisvöktun

Nánasta umhverfi Norðuráls, Grundartangi og Hvalfjörður, er eitt mest rannsakaða svæði á Íslandi. Óháðir aðilar hafa eftirlit með um 100 mælipáttum í lofti, sjó og ferskvatni, húsdýrum og gróðri til að ganga úr skugga um að starfsemi fyrirtækja á Grundartanga hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Umhverfisvöktun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga fer fram samkvæmt umhverfisvöktunaráætlun sem gerð er skv. starfsleyfum og samþykkt er af Umhverfisstofnun. Þau fyrirtæki sem taka þátt í umhverfisvöktuninni eru Elkem Ísland, Norðurál Grundartanga og Alur Álvinnsla.

Nýjustu útgáfu skýrslu um Umhverfisvöktun má finna hér: <https://nordural.is/wp-content/uploads/2021/05/2020-Umhverfisvoktun.pdf>

## Símælingar á framleiðsluvæði

Fylgst er með flúorlosun, ryklosun og brennisteinslosun frá kerskálum og þurrhreinsi-  
virkjunum með símælingum. Mælingar á losun flúors um rjáfur kerskála byggjast annars  
vegar á mælingum á styrk flúorgass í rjáfrinu með leysigeisla og hins vegar á mælingum á  
loftmagni út um rjáfur með loftflæðimælingum.




Mælistaðir – eftirlit með staðbundinni losun



Markmið okkar er að nýta allt hráefni eins vel og kostur er og gera ítarlega grein fyrir því hvað verður um öll óæskileg efni. Norðurál heldur Grænt bókhald, sem er nákvæm skrá yfir allt efni sem kemur til álversins og allt sem fer frá því. Bókhaldið sýnir með skýrum hætti að við höfum náð verulegum árangri á fjölmörgum sviðum. Allt frá bættri nýtingu hráefnis að endurvinnslu lífræns úrgangs í mótuneytinu.

## Starfsfólk, hráefni og auðlindanotkun

Magn	2019	2020	2021	Eining
Fjöldi starfsfólks	570	581	601	
Raforkunotkun	4.654.000	4.626.000	4.669.000	Mwh
Olíunotkun	479.456	466.822	440.690	Lítrar
Gasnotkun	62	33	32	Tonn
Notkun á köldu vatni	185.277	180.611	177.116	m3
Notkun á sjó	7.884.000	7.884.000	7.884.000	m3
Heildarhráefnisnotkun	2,37	2,37	2,39	t/t Al
Innflutt hráefni	2,37	2,37	2,39	t/t Al
Eiturefni & hættuleg efni (fast)	611.646	605.101	614.410	Tonn
Eiturefni & hættuleg efni (fljótandi)	503.839	493.990	466.947	Lítrar
Notkun umbúða og pökkunarefnis	< 400	< 400	< 400	Tonn



Við höfum sett okkur markmið um að auka hlutfall kvenna innan fyrirtækisins. Árið 2017 voru 13,3% starfsfólks Norðuráls konur, en árið 2021 voru þær 23,5%. Áfram verður haldið á þessari braut.

# Losun efna og meðhöndlun úrgangs

GRI 301 2  
GRI 305 1  
GRI 306 1  
GRI 306 2

Magn	2019	2020	2021	Eining
<b>Losun efna í andrúmsloft</b>				
Flúoríð (loftkennt og rykbundið) F	0,38	0,38	0,38	kg/t Al
Brennisteinstvíoxíð SO <sub>2</sub>	10,83	8,64	10,62	kg/t Al
Ryk	0,74	0,70	0,71	kg/t Al
Koltvísýringur CO <sub>2</sub>	1,49	1,50	1,53	t/t Al
Flúorkolefnissambönd, PFC CO <sub>2</sub> ígildi	0,14	0,14	0,15	t CO <sub>2</sub> íg. /t Al
Fjölhringa arómatísk vetniskolefni PAH <sub>16</sub>	0,000024	0,000058	0,000056	kg/t Al
<b>Losun efna í yfirborðsvatn/grunnvatn/sjó</b>				
Seyra	0,04	0,07	0,05	kg/t Al
Olía/fita í kælivökva frá steypuskála og afriðlum	< 0,5	< 0,5	< 0,5	ppm
<b>Losun efna í holræsakerfi sveitarfélags</b>				
Tæming á rotþró	0,02	0,03	0,02	kg/t Al
<b>Magn úrgangs til förgunar</b>				
Pressanlegur úrgangur	0,50	0,50	0,40	kg/t Al
Förgun í flæðigryfju	32	36	33	kg/t Al
<b>Magn úrgangs til endurvinnslu</b>				
Skautleifar og kolaryk	108	109	108	kg/t Al
Álgjall	8,1	8,8	9,2	kg/t Al
Timbur	1,1	1,0	1,1	kg/t Al
Brotajárn	2,3	2,1	2,6	kg/t Al
Pappi	0,12	0,12	0,12	kg/t Al
Plast	0,03	0,04	0,03	kg/t Al
<b>Magn spilliefna til förgunar</b>				
Samtals spilliefni	0,01	0,02	0,01	kg/t Al

Magn	2019	2020	2021	Eining
<b>Efni frá fráveitu</b>				
Seyra	13,3	21,2	16,4	Tonn
Annar úrgangur (úr rotpróm)	7,5	8,4	6,6	Tonn
<b>Efni til endurvinnslu</b>				
Skautleifar	32.670	32.769	32.755	Tonn
Kolaryk	1.300	1.266	1.302	Tonn
Baðefni	2.648	2.888	1.823	Tonn
Álgjall	2.568	2.762	2.890	Tonn
Straumteinar	1.928	1.986	1.714	Tonn
Tindaefni	98	-	-	Tonn
Brotajárn	721	645	830	Tonn
Timbur	333	307	362	Tonn
Pappi	38	38	37	Tonn
Plast	11	13	10	Tonn
Olía-olíusori	16	29	4	Tonn
Hjólbarðar	4,9	1,7	9,8	Tonn
Raftæki og rafgeymar	4,2	5,1	3,9	Tonn
Föt og klæði	1,1	4,1	2,9	Tonn
Ljósaperur	0,19	0,20	0,17	Tonn
Olíumengaður úrgangur	7	9	8	Tonn
Malbik	217	-	-	Tonn
<b>Spilliefni</b>				
Raftæki - spilliefni	0,04	0,00	0,4	Tonn
Spilliefni	4	4	2	Tonn
Málning	0,5	0,8	0,4	Tonn
<b>Efni í flæðigryfju</b>				
Kerbrot	7.449	8.289	7.008	Tonn
Kolefni – skautsmiðja	1.156	1.275	1.409	Tonn
Kolefni - kerskáli	1.110	1.224	1.242	Tonn
Uppsóp	-	-	-	Tonn
Afsag af kerfóðrunarefnum	412	498	413	Tonn
Ofnafóðringar	58	121	127	Tonn
Möl og jarðvegur	43	-	75	Tonn
<b>Fastur úrgangur</b>				
Pressanlegur úrgangur	158	157	125	Tonn
Lífrænn úrgangur	7	8	10	Tonn

# Losun í loft

GRI 301 1  
GRI 305 1  
GRI 305 6  
GRI 305 7

Magn	2019	2020	2021	Eining
<b>Efni</b>				
CO <sub>2</sub>	469.201	467.721	481.595	Tonn
CF <sub>4</sub> /C <sub>2</sub> F <sub>6</sub>	45.530	43.137	46.860	t CO <sub>2</sub> ígildi
SO <sub>2</sub>	3.421	2.700	3.348	Tonn
Fjölhringa arómatísk vetniskolefni	7,5	18,1	17,6	Kg
Heildarflúor	121	120	121	Tonn
Ryk (PM10)	235	218	222	Tonn

## Notkun eiturefna og hættulegra efna (Xn, T, Tx, C, Xi, E, Fx, F, O, N)

Magn	2019	2020	2021	Eining
DAG 2671 (O,T,N)	-	-	-	Lítrar
DAG 554/20 (C,N,Xn)	16.875	19.540	18.937	Lítrar
Sement	128	152	-	Tonn
Þjöppusalli (T)	708	758	660	Tonn
Kragasalli (T)	1.616	1.452	1.219	Tonn
Própangas (Fx,F,E)	62	33	32	Tonn
Gasolía (Dísítolía) (Xn,O)	479.456	466.822	440.690	Lítrar
Glussaolía	7.508	7.628	7.320	Lítrar
Sódi (Xi)	196	249	227	Tonn
Álflúoríð (Xn)	5.104	4.551	4.233	Tonn
Súrál (Xn)	603.805	597.881	608.015	Tonn
Ferromangan (Xn)	11	10	10	Tonn
Ferfosfór (Xn)	16	15	13	Tonn



# Framleiðsla og hráefnanotkun

GRI 301 1  
GRI 302 1

Magn	2019	2020	2021	Eining
<b>Álframleiðsla</b>				
Framleiðsla á hreinu áli	315.867	312.629	315.182	Tonn
Súrál	603.805	597.881	608.015	Tonn
Álflúoríð	5.104	4.551	4.233	Tonn
Forbökuð skaut (nettó notkun)	132.142	130.604	133.658	Tonn
Própangas	62	33	32	Tonn
Dísilolía	479.456	466.822	440.690	Lítrar
Sódi	196	249	227	Tonn
Kragasalli	1.616	1.452	1.219	Tonn
Steypujárn	979	871	836	Tonn
Gaflar og viðgerðarefni	747	513	596	Tonn
Raforka	4.654.000	4.626.000	4.669.000	Mwst
Iðnaðarvatn	111.166	108.367	106.269	m <sup>3</sup>
Neysluvatn	74.111	72.244	70.847	m <sup>3</sup>
Sjór	7.884.000	7.884.000	7.884.000	m <sup>3</sup>
Kísill	3771	3239	4199	Tonn
Magnesíum	151	126	153	Tonn
Titaníum	56	46	65	Tonn
Strontíum	19	16	18	Tonn
Glussaolía	7.508	7.628	7.320	Lítrar
Kæliolía	5.024	2.804	3.057	Lítrar
Ýmis olíuhreinsiefni	1.720	1.970	2.035	Lítrar
Smurolía	6.231	6.997	2.820	Lítrar
Kísiljárn	23	23	20	Tonn
Ferromangan	11	10	10	Tonn
Ferrofosfór	16	15	13	Tonn
Kolefni	52	66	53	Tonn
Stálhögl	81	78	86	Tonn
Tréspírur	13.600	17.200	12.250	Stk.
Rafgeymar	60	72	67	Stk.

# Kolefnislosun


GRI 102 12  
GRI 302 2  
GRI 305 1  
GRI 305 2  
GRI 305 3  
GRI 305 4  
GRI 305 5

**Fyrir nokkrum árum tókum við hjá Norðuráli ákvörðun um að þróa vörulínu, Natur-AL™, sem svarar kalli neytenda um aukið gagnsæi og upplýsingagjöf. Við bjóðum nú viðskiptavinum ál, til að framleiða vörur sem auðveldar fólki að draga úr áhrifum á umhverfi sitt.**

Það er ekki nóg að segja fólki að varan sé græn. Það verður að vera hægt að styðja þá fullyrðingu með gögnum og rekja framleiðsluferlið allt. Við fórum því í gegnum allt framleiðsluferlið, frá því að báxít er grafið upp og þar til fullunnið ál er komið til viðskiptavinar, eða vistferilsgreiningu (e. Life Cycle Assessment) á því áli sem fyrirtækið framleiðir.

Greiningin miðast við vistferli álsins frá vöggu að hliði (e. cradle-to-gate) þar sem tekið er tillit til framleiðslu og flutninga hráefna, staðbundinnar losunar mengandi efna og myndunar úrgangs auk flutnings á lokaafurð framleiðslunnar á markað í Evrópu. Líkan fyrir alla virðisdeðju álframleiðslunnar var útbúið með upplýsingum frá Alþjóðasamtökum álframleiðenda (IAI) ásamt gögnum úr framleiðsluferli Norðuráls. Greiningin var gerð í samræmi við ISO staðla 14040:2006 og 14044:2006 og við framkvæmd hennar var notast við hugbúnaðinn GaBi frá Thinkstep og alþjóðlega gagnabanka. Við greininguna voru notuð fimm ára meðaltalsgögn úr framleiðsluferli Norðuráls þar sem því var við komið, til að fá lýsandi mynd af ferlinu.

Afraksturinn er vörumerkið Natur-AL™, sem er skrásett vörumerki beggja vegna Atlantshafsins. Ál undir merkjum Natur-AL™ hefur kolefnisspor sem er undir 4 tonnum koltvíoxíðgilda á hvert tonn af áli, og er þar allt tekið með í reikninginn – öflun báxíts og vinnsla áloxíðs til álvinnslu og flutningur alla leið til kaupanda. Heildarlosun koltvíoxíðgilda við framleiðslu Natur-AL™ er innan við fjórðungur af meðallosun álframleiðslu í heiminum, sem er um 18 tonn á hvert tonn af áli. Í Kína fer koldíoxíðmagnið í 20 tonn þegar álverin eru knúin með orku úr kolum.




Vistferilsgreiningin er unnin af óháðum aðila og við getum boðið viðskiptavinum okkar öll gögn sem þarf til að greina kolefnisspor á neytendavörum sem framleiddar eru úr Natur-AL™ áli.


Við hjá Norðuráli erum sannfærð um að framtíðin liggi í vöruþróun sem þessari. Þetta verkefni sýnir líka fram á mikilvægi áframhaldandi þróunar og nýsköpunar í geirum eins og okkar.

## Próun milli ára

	2017	2018	2019	2020	2021
Bein losun CO <sub>2</sub> frá framleiðslu	509.143	512.404	514.731	510.858	528.455
Magn losunar á framleiðslueiningu	1,61	1,61	1,63	1,63	1,68




## Kolefnislosun vegna samgangna



Norðurál starfar á alþjóðlegum markaði og á samstarfsaðila og viðskiptavini um allan heim. Ferðalög starfsfólks erlendis vegna starfa sinni fyrir Norðurál eru óhjákvæmileg, en fyrirtækið telur mikilvægt að halda fjölda flugferða í lágmarki, til að mynda með bættri aðstöðu til fjarfunda. Mikill samdráttur var í flugferðum árið 2021 vegna heimsfaraldursins.

Hjá Norðuráli ferðast stór hluti starfsmanna samferða til og frá vinnu í bílum Norðuráls. Með samakstri er dregið verulega úr heildarfjölda bílferða starfsmanna til og frá vinnu, og þannig er dregið úr óbeinni losun frá starfsemi Norðuráls. Losun frá samakstri hefur dregist saman ár frá ári og skýrist það af innleiðingu níu rafmagnsbíla auk þess sem lögð hefur verið áhersla á sparneytni bíla og bætta sætanýtingu. Þessar aðgerðir hafa skilað samdrætti í losun koldíoxíðs sem nemur 40 tonnum, eða tæplega 16.000 lítrum af olíu. Það er 19% samdráttur frá árinu 2015.



Losun frá samakstri starfsfólks og markmið um 40% samdrátt.


## Efnisnotkun

Við veljum hráefni okkar eins vel og kostur er til að framleiða meira af verðmætari og umhverfisvænni vöru. Losun CO<sub>2</sub> vegna álvinnslu er minni á Íslandi en í nokkru öðru framleiðslulandi. Þessi árangur næst með góðu starfsfólki og stöðugleika í rekstri, ásamt notkun umhverfisvænna orkugjafa. Skýr umhverfisvitund gegnir lykilhlutverki á öllum stigum framleiðslunnar, allt frá aðföngum í fjarlægum löndum að hámarksnýtingu og endurvinnslu hráefna.

GRI 301-2

GRI 414 1

GRI 414 2



## Betri nýting

Þurrhreinsivirki á framleiðslusvæði Norðuráls sjá til þess að flúor endurnýtist í framleiðsluferlinu. Yfir 99% þess flúors sem notaður er til álframleiðslunnar er fangaður í virkinu og hann er svo notaður aftur og aftur.

Eftir að rafskaut hafa gegnt sínu hlutverki í kerskála eru skautleifar sendar til framleiðenda skautanna í Vlissingen í Hollandi. Þar eru þær notaðar í framleiðslu á nýjum skautum sem aftur eru notaðar við álframleiðslu hjá Norðuráli.

Það gjall sem fellur til á framleiðslusvæði Norðuráls fer til vinnslu hjá nágrönnum okkar hjá Alur á Grundartanga. Alur vinnur ál úr gjallinu sem aftur er notað í framleiðslu á áli hjá Norðuráli.


GRI 301-2



## Endurvinnsla og förgun

Norðurál leggur ríka áherslu á að draga úr myndun úrgangs og að auka endurvinnsluhlutfall. Úrgangur frá Norðuráli skiptist gróflega í enduruninn úrgang, úrgang til urðunar í flæðigryfjum, fastan úrgang til urðunar, efni frá fráveitu og spilliefni.

Frá árinu 2015 hefur losun vegna förgunar almenns úrgangs dregist saman um 14 tonn koldíoxíðígilda, eða um 8%.




**Förgun hefur dregist saman um 8% frá árinu 2015.**


**Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsfólks í umbótastarfi. Allt starfsfólk Norðuráls fær bónusgreiðslur sem eru m.a. tengdar frammistöðu fyrirtækisins á sviði umhverfismála.**

Árið 2021 voru 80% af úrgangi sem féllu til vegna starfsemi Norðuráls enduruninn. Stærstur hluti þess er framleiðsluúrgangur á borð við skautleifar og kolaryk.

Aukin áhersla hefur jafnframt verið lögð á að minnka almennan úrgang frá öðru en framleiðslu og bæta endurvinnslu á honum. Árið 2016 var til að mynda hafin flokkun á lífrænum úrgangi frá mótuneyti. Skipti á einnota drykkjarmálum úr plasti yfir í pappa, samhliða áherslu á notkun fjölnota drykkjarílata er annað dæmi um vel heppnað umbótaverkefni. Í október árið 2019 var stórt skref stigið með útskiptum plastpoka fyrir fjölnota bakka til dreifingar á kosti úr mótuneyti til kaffistofa innan verksmiðjunnar. Hugmyndin að þessum umbótum varð til hjá starfsfólki við verkefnavinnu í Stóriðjuskóla Norðuráls. Þeim reiknaðist til að með innleiðingu fjölnota bakka væri komist hjá notkun 12.500 plastpoka á ári.



## Móttökustöðvar



Á kaffistofum og starfssvæðum Norðuráls eru flokkunarstöðvar sem taka á móti plasti, pappa, almennu rusli og spilliefnum þar sem það á við. Starfsfólk hvers svæðis ber ábyrgð á að losa þessar tonnur á móttökustöðvum sem sýndar eru á yfirlitsmynd. Á móttökustöðvum er móttaka fyrir þá flokka rusls sem fellur til á hverju svæði. Starfsmaður sorphirðu sér um að safna saman sorpi frá móttökustöðvum og koma á sorpsöfnunarsvæði fyrirtekisins. Á sorpsöfnunarsvæðinu er sorpið svo flokkað enn betur þegar það á við og rúmmál þess minnkað til að draga úr akstri við flutning á því.

Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsfólks í umbótastarfi. Allt starfsfólk Norðuráls fær bónusgreiðslur sem eru m.a. tengdar frammistöðu fyrirtækisins á sviði umhverfismála.

Hvergi á að vera aðeins tunna fyrir almennan úrgang, hvorki á skrifstofum eða á framleiðslusvæðinu, þar sem þeim hefur öllum verið skipt út fyrir flokkunarstöðvar.

## Orkunotkun

Ísland er eitt örfárra landa í heiminum sem framleiða rafmagn nær eingöngu úr endurnýjanlegum og umhverfisvænum orkugjöfum. Rafmagnið nýtum við að langstærstum hluta til að vinna hreint ál úr álóxíði og nálgast hlutur Íslands 2% af heimsframleiðslunni. Til framleiðslunnar árið 2021 notaði Norðurál 4.700 GWst af hreinni endurnýjanlegri raforku, sem er um fjórðungur allrar raforku sem framleidd er á Íslandi. Rafmagnsnotkun á hvert framleitt tonn af áli var 14,8 Mwh/tAl.

## Aðgerðir til að draga úr orkunotkun

Norðurál notar 100% endurnýjanlega raforku við alla framleiðslu. Hingað til hefur álið okkar verið endurbætt í Evrópu til áframvinnslu, þar sem notuð er raforka með stærra kolefnisspori. Í nýrri framleiðslulínu Norðuráls er stigið skref í átt að fullnari vöru þar sem framleiddir verða álsívalningar. Engin aukalosun verður við framleiðslu þeirra og orkuþörf verður mun minni en ef þeir væru steypdir erlendis. Aukin raforkuotkun verður 10 MW en áætlaður orkusparnaður um 40%.


GRI 301 1

GRI 302 1

GRI 302 3

GRI 302 4

Í aðgerðaáætlun Norðuráls í loftslagsmálum er olíunotkun véla og tækja stærsti hlutinn af heildinni og stærstu tækifærin snúa að orkuskiptum véla og tækja. Á síðastliðnum árum hafa fimmtán vinnuvélar, m.a. rafmagnsdráttarvélar og rafmagnslyftarar verið teknar í notkun. Árangur þeirra aðgerða er þegar sýnilegur og eru frekari útskipti áætluð. Milli árána 2015 og 2021 dróst olíunotkun á vélar og tæki saman um alls 103.776 lítra eða sem nemur samdrætti í losun upp á 279 tonn koldíoxíðs.



**Raunlosun frá vélum og tækjum með markmið um 40% minnkun.**

## Vatn og frárennsli

Vatn sem veitt er til Norðuráls kemur frá vatnsbóli Tungu og Hlíðarfót í Svínadal.

Ferskvatnsnotkun á árinu 2021 nam um 177.116 m<sup>3</sup>. Þar af var neysluvatn um 70.847 m<sup>3</sup> og iðnaðarvatn 106.269 m<sup>3</sup>. Kælikerfi afriðla notar árlega um 7.884.000 m<sup>3</sup> af sjó.

Ársfjórðungslega eru mælingar gerðar á frárennsli Norðuráls og kælivatnsmælingar fara fram tvisvar á ári til að fylgjast með vatni á svæðinu. Verkís framkvæmir frárennslismælingar ársfjórðungslega á flúor, áli, svifögnum og olíu. Frárennslismælingar eru framkvæmdar af Verkís þar sem flúor, svifagnir, olía/fita og ál er mælt. Efnagreiningar á kælivatni eru framkvæmdar af Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði.


## Líffræðileg fjölbreytni

Umhverfisvöktun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga felur í sér rannsóknir og eftirlit með um 100 mælipáttum í og við Hvalfjörð. Tilgangurinn er að ganga úr skugga um að starfsemi fyrirtækja á Grundartanga hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Umhverfisvöktun er framkvæmd af óháðum aðilum sem annast mismunandi eftirlitsþætti. Rannsóknir vegna umhverfisvöktunar árið 2021 voru framkvæmdar af Efnagreiningum Hafrannsóknastofnunar, Dýralækinum í Mosfellsbæ, Náttúrufræðistofnun Íslands, Matís ohf., Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurnesjum, Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði við HÍ og öðrum óháðum aðilum. Greindir voru rúmlega 117 mælipættir í sýnunum.

Eftirfarandi þættir voru vaktaðir á árinu: loftgæði (andrúmsloft og úrkoma), ferskvatn, sjór við flæðigryfjur, lífríki sjávar (kræklingur og set), móareitir, gróður (gras, lauf og barr) og grasbítar (sauðfé og hross).

Á árinu 2021 voru tekin um 813 sýni tekin á um 143 sýnatökustöðum.

Skýrslu fyrir árið 2021 má finna hér: <https://nordural.is/wp-content/uploads/2021/05/2020-Umhverfisvöktun.pdf>



## Tilkynningar og frávik

Álver Norðuráls á Grundartanga hefur starfsleyfi fyrir framleiðslu á allt að 350 þúsund tonnum af áli á ári. Starfsleyfið er gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 16. desember 2031.

Árið 2021 fóru fram tvær eftirlitsheimsóknir á vegum Umhverfisstofnunar. Eftirlit er samkvæmt starfsleyfi og mæliáætlun.

Hægt er að nálgast skýrslur úr eftirlitsheimsóknum á vef Umhverfisstofnunar.  
(<https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/al-kisil-og-kisiljarnver/nordural-grundartanga/>)

Umhverfisvöktun í kringum iðnaðarsvæðið á Grundartanga er samkvæmt umhverfisvöktunaráætlun sem gildir til ársins 2028, með samþykki Umhverfisstofnunar.

Þá heldur Norðurál grænt bókhald í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 og skilar því endurskoðuðu til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Einnig er fært útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008.

### Þrjár tilkynningar voru sendar á Umhverfisstofnun árið 2021:

1. Tilkynning vegna niðurkeyrslu á virki vegna bilunar á samskiptaeiningu sem varði í 3 klst og 50 mín.
2. Tilkynning vegna skertra afkasta í virki vegna bilunar í blásara.
3. Tilkynning vegna hárra mælinga á loftkenndum flúor við mælistöðina á Krúuvörðu.

Meðalstyrkur flúors á Krúuvörðu mældist utan viðmiðunarmarka starfsleyfis árið 2021. Aðrar mælingar á flúor hjá Norðuráli voru innan starfsleyfismarka auk þess sem aðrar loftgæðamælingar í andrúmslofti uppfylla öll viðmiðunarmörk í reglugerðum.

## Umhverfisáhrif birgja

Norðurál fól verkfræðistofunni Eflu að framkvæma vistferilsgreiningu (e. Life Cycle Assessment) á því áli sem fyrirtækið framleiðir. Greiningin miðast við vistferli álsins frá vöggum að hliði (e. cradle-to-gate) þar sem tekið er tillit til framleiðslu og flutnings hráefna, staðbundinnar losunar mengandi efna og myndunar úrgangs. Umhverfisáhrif allra hlekkja í framleiðslukeðjunni voru metin og skrásett. Þar sjáum við svart á hvítu hvar og hvernig má haga innkaupum og hanna framleiðsluferlið til að lágmarka umhverfisáhrif.

Við beinum viðskiptum okkar til ábyrgra súralsframleiðenda. Í því ferli höfum við útilokað ákveðna framleiðendur vegna gæða og neikvæðra umhverfisáhrifa. Erlendir birgjar undirgangast reglur og staðla móðurfélags Norðuráls, Century Aluminum.

Norðurál á Grundartanga hlaut alþjóðlega ASI vottun um umhverfisvæna og ábyrga framleiðslu, fyrst þeirra álfyrirtækja sem starfa á Íslandi. Vottunin staðfestir að starfsemi og viðskiptahættir fyrirtækisins eru samfélagslega ábyrg og framúrskarandi á sviði umhverfisvænnar framleiðslu.

ASI vottunin tekur til 59 þátta í starfsemi fyrirtækisins, allt frá öflun hráefnis um allan heim að endanlegri afurð.

**Í stað þess að flytja rafskaut frá Kína rekur við okkar eigin rafskautverksmiðju í Vlissingen í Hollandi. Það dregur úr neikvæðum umhverfisáhrifum.**



# Stærsti vinnustaður Vesturlands

GRI 102 8  
GRI 102 12  
GRI 102 15  
GRI 102 41  
GRI 401 1  
GRI 405 1

Við erum stolt af efnahagslegu mikilvægi Norðurláls og okkar þætti í nýtingu einnar mikilvægustu auðlindar Íslands, sem er hrein og umhverfisvæn orka úr fallvötnum og jarðvarma. En við erum ekki síður meðvituð um samfélagslegt mikilvægi fyrirtækisins sem langstærsta vinnustaðarins á stóru landsvæði. Við viljum skapa góðan og öruggan vinnustað fyrir allt okkar fólk og taka virkan þátt í margvíslegum samfélagslega mikilvægum verkefnum.

## Starfsfólk

Norðurlál er stærsti vinnustaður Vesturlands og leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem boðið er upp á fjölbreytt og krefjandi störf fyrir öll kyn. Á árinu 2021 var fastráðið starfsfólk Norðurláls um 576 talsins, 19% konur og 81% karlar. Meðalaldur er 40,2 ár, 40,6 hjá körlum og 38,2 ár hjá konum. Meðalstarfsaldur er 8,5 ár, 9 hjá körlum og 6,4 hjá konum. Flest starfsfólk býr norðan Hvalfjarðar eða um 70% og þar af búa um 60% á Akranesi. Um 30% starfsfólks búa á höfuðborgarsvæðinu.

### Fastráðið starfsfólk í árslok 2021

	Framleiðslu- starfsfólk	Iðnaðarmenn	Sérfræðingar og skrifstofufólk	Stjórnendur og millistjórnendur	Alls
KVK	66 (18%)	2 (2%)	26 (44%)	11 (23%)	105 (19%)
KK	310 (82%)	82 (98%)	33 (56%)	37 (77%)	462 (81%)
<30	122 (32%)	20 (24%)	8 (14%)	0 (0%)	120 (26%)
30-50	190 (51%)	32 (38%)	36 (61%)	24 (50%)	282 (50%)
>50	64 (17%)	32 (38%)	15 (25%)	24 (50%)	135 (24%)
Samtals	376	84	59	48	567

\*Tölurnar endurspeglar punktstöðu fastráðins starfsfólks í lok árs 2021.

Meðalfjöldi greiddra stöðugilda á árinu var 601.

Starfsmannavelta árið 2021 var 7,7% og kynjaskipting þeirra sem hættu jöfn kynjaskiptingu starfsfólks í heild. Árið 2021 tókum við á móti 76 nýjum starfsmönnum í föst stöðugildi. Að auki tókum við á móti 200 ungmönnum sem leystu af fastráðið starfsfólk yfir sumartímann. Nýráðningar sumarstarfsfólks voru 106 en 92 höfðu starfað hjá fyrirtækinu áður og voru að koma til starfa í annað og jafnvel þriðja sumarið. Markmið fyrirtækisins er að helmingur sumarstarfsmanna yrði konur. Það náðist ekki, en 42% sumarstarfsfólks sumarið 2021 voru konur.

Jafnréttismarkmið eru höfð að leiðarljósi við allar ráðningar, þar sem við hverja ráðningu er litið til þess að ráða til starfsins það kyn sem hallar á. Þannig eru tækifæri til að ráða fleiri konur í störf framleiðslustarfsfólks, iðnaðarmanna og í hóp verk- og tæknifræðinga.

Norðurál hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) á árinu 2021. Viðurkenninguna fá þau fyrirtæki sem gripið hafa til aðgerða til að jafna hlut kvenna í yfirstjórn og hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar. Markmiðið er að árið 2027 verði hlutfall á milli kynja a.m.k. 40/60 í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi. Af sjö fulltrúum í framkvæmdastjórn Norðuráls eru þrjár konur.

Norðurál er með vottað jafnlaunakerfi í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 og hefur einnig hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PWC þrjú ár í röð eða frá upphafi jafnlaunaúttektar. Árið 2021 framkvæmdi BSI viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfinu og í þeirri úttekt var sannreynt að jafnlaunakerfið er hannað til að ná markmiðum og stefnu fyrirtækisins í jafnlaunamálum. Óútskýrður launamunur hjá Norðuráli er 0,9%.

Mikill meirihluti, eða 85% af starfsfólki Norðuráls, er aðili að stéttarfélagunum VLFA, FIT, RAFIS, StéttVest og VR. Kjarasamningur var undirritaður milli Norðuráls og félaganna í október árið 2020 og er hann í gildi til ársins 2025.

## Aðbúnaður og heilsa í fyrirrúmi

**Norðurál leggur metnað sinn í góðan aðbúnað og öryggi á vinnustaðnum. Gildi fyrirtækisins eru hagsýni, liðsheild og heilindi og endurspeгла vel áherslu fyrirtækisins í mannauðs- og umhverfis-, heilsu- og öryggismálum.**

Boðið er upp á samgöngur milli Akraness og álvers en þar búa 60% starfsfólks. Atvinnusvæði fyrirtækisins er þó töluvert stærra, en um 20% starfsfólks sækir vinnu daglega frá höfuðborgarsvæðinu. Fyrir starfsfólk sem býr sunnan gangna og í Borgarnesi býður fyrirtækið upp á samkeyrslubíla, en fyrirtækið á eða leigir um 44 fólksbíla sem notaðir eru til samkeyrslu til og frá vinnu á degi hverjum. Rafknúnir samkeyrslubílar eru nú þegar 38% bílaflotans og með þeim hætti styður fyrirtækið við markmið og áform um orkusparnað. Þá eru 28 hleðslustæði við Norðurál á Grundartanga þar sem starfsfólk hleður bíla sína endurgjaldslaust.

Norðurál er í samstarfi við Vinnuvernd sem sér um heilsufarsmælingar og árlega vinnutengda heilsufarsskoðun. Markmiðið með þessum skoðunum er að hafa eftirlit með heilsu starfsfólks m.t.t. mögulegra heilsuspillandi áhrifa frá vinnuumhverfi, bæta vinnuumhverfi þar sem það á við og vekja starfsfólk til umhugsunar um mikilvægi góðrar heilsu og stuðla að bættem lífsstíl. Árlega kemur skýrsla frá Vinnuvernd um almenna heilsufarslega og lífsstílsþætti meðal starfsfólks. Vegna Covid-19 náðist ekki að kynna niðurstöður heilsufarsskýrslu nema fyrir um 20% starfsfólks árið 2021. Öll meðferð gagna hjá Vinnuvernd er samkvæmt lögum um persónuvernd og fær Norðurál einungis upplýsingar sem tengjast starfshæfni starfsfólks hverju sinni.

Norðurál er vímuefnalaus vinnustaður og undirgengst allt nýtt starfsfólk lyfjapróf. Einnig eru framkvæmd tilviljanakennd lyfjapróf á vinnusvæðinu með það að markmiði að tryggja að enginn sé undir áhrifum ólöglegra efna á vinnustaðnum.

Stærsti hluti starfsfólks Norðurláls starfar samkvæmt kjarasamningi við framleiðslu- og viðhaldsstörf eða um 460 manns. Stjórnendur, millistjórnendur, sérfræðingar og hluti skrifstofufólks er með ráðningarsamninga án tengingar við kjarasamning. Uppsagnarfrestur fastráðins starfsfólks er ein vika á reynslutíma, einn til þrjú mánuðir á fyrsta starfsári en eftir það að lágmarki þrjú mánuðir. Samkvæmt kjarasamningi hættir starfsfólk hjá fyrirtækinu í þeim mánuði sem það verður 67 ára. Fimm hættu vegna aldurs árið 2021 og 24 verða 67 ára næstu þrjú árin.

61 fóru í fæðingar- og foreldraorlof árið 2021, 20% konur og 80% karlar. Af þeim hafa 7% látið af störfum eftir að orlofi lauk, þ.a. 25% konur. Árið 2020 fóru 44 í fæðingar- og foreldraorlof, 11% konur og 89% karlar. Af þeim eru 95% enn starfandi hjá fyrirtækinu.

Engin vinnutengd sjúkdómstilfelli voru tilkynnt á árinu. Samkvæmt skýrslu Vinnuverndar þykir meirihluta starfsfólks Norðurláls ekki erfitt að stunda vinnu vegna vinnutengdra óþæginda (74%). Um 26% hafa einhvern tíma átt í erfiðleikum með að stunda vinnu (sjaldan/ stundum/oft) vegna vinnutengdra óþæginda. Mikill meirihluti starfsfólks er ánæggt með félagslegt umhverfi á vinnustaðnum.

STNA, Starfsmannafélag Norðurláls, er öflugt starfsmannafélag sem stendur fyrir ýmsum viðburðum á hverju ári, skipulögðum göngum og ýmsum viðburðum þar sem starfsfólki og fjölskyldum þeirra er boðið. Félagið býður starfsfólki einnig upp á ýmskonar afþreyingu á niðurgreiddu verði, eins og miða í bíó og leikhús, hagstæð kjör í ýmsum verslunum og ýmsa afþreyingu á Vesturlandi.

Starfsfólki býst að fá niðurgreidd líkamsræktarkort í líkamsræktarstöðvum á Vesturlandi og í World Class á höfuðborgarsvæðinu.

## Vinnustaðargreiningar og kannanir

Vinnustaðargreining hefur alla jafna verið framkvæmd á tveggja til þriggja ára fresti. Í lok október 2021 var framkvæmd vinnustaðargreining í samstarfi við Gallup. Markmiðið með slíkri könnun er að fá upplýsingar um líðan starfsfólks á vinnustaðnum og viðhorf til þátta sem skipta fyrirtækið miklu máli, eins og öryggismála. Könnun var einnig gerð á meðal sumarstarfsfólks sumarið 2021, þar sem þau voru spurð út í ýmsa þætti móttöku, þjálfunar og aðbúnaðar hjá Norðurláli.

Mikilvægt er að unnið sé áfram með niðurstöður starfsánægjukönnunar og að þær skapi verkfæri til að móta heilbriggt og ánægjulegt starfsumhverfi. Búast mátti við því að niðurstöður könnunarinnar gætu litast af því umhverfi sem fyrirtækið og samfélagið allt bjó við á tímum heimsfaraldurs, en starfssvæði Norðurláls var skipt niður í sóttvarnarhólf, sem hafði veruleg áhrif á samskipti stjórnenda og starfsfólks. Þá var félagslíf í lágmarki og viðburðir eins og árshátíð ekki haldnir. Við bættist takmarkað aðgengi að þjálfun og fræðslu allt tímabilið. Meðaltal helgunar (employee engagement) var 3,58 á mælistiku Gallup, en var 3,75 árið 2017, sem þykir góður árangur.

---

## Einelti og áreitni

**Norðurál er með verkferla um viðbrögð við einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og öðru ofbeldi. Þessir ferlar eru aðgengilegir öllu starfsfólki, þeir eru kynntir þegar fólk hefur störf hjá fyrirtækinu og reglulega eftir það. Jafnframt er spurt um þessa þætti í vinnustaðgreiningum.**

Undir engum kringumstæðum er einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða annað ofbeldi liðið á vinnustaðnum. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og annað ofbeldi er brot á starfskyldum og óásættanleg hegðun á vinnustað.

Allar kvartanir um einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og annað ofbeldi sem berast eru skoðaðar ofan í kjölinn. Fimm mál voru tilkynnt árið 2021. Tveimur málanna lauk með áminningu, eitt með tilfærslu í starfi, í einu tilfelli skorti þjálfun og bætt samskipti. Í einu tilviki reyndist ekki fótur fyrir ásökunum.

## Covid-19

Stjórnendur og starfsfólk stóð frammi fyrir stórum áskorunum í Covid-19 heimsfaraldri, bæði árið 2020 og ekki síður 2021. Viðamiklar sóttvarnaraðgerðir og smitvarnir voru innleiddar, og samskipti milli deilda takmörkuð eins og kostur var. Fyrirtækinu var skipt upp í 22 sóttvarnarhólf og mikil áhersla á aukin þrif og þrifaplön í hverju sóttvarnarhólfi. Hanska- og grímuskylda var í mótuneyti og á tímabili takmarkaður aðgangur að mótuneytinu þar sem starfsfólk framleiðslu og iðnaðarmenn gengu fyrir í mat. Á tímabili unnu þau sem það gátu að heiman en lögð var áhersla á að skerða ekki þjónustu við framleiðsluna.

Breytt vinnuumhverfi kallaði á nýjar leiðir til samskipta og var samskiptavefurinn Teams innleiddur snemma árs 2021 til að styðja við breytta fundamenningu, og efla samskipti innan fyrirtækisins. Vefurinn hefur sannað gildi sitt, ekki síst sem öflug upplýsingaveita fyrir vaktir framleiðslusvæðanna sem ekki hafa stöðugan aðgang að tölvum.

# Öryggið ofar öllu

GRI 102 12  
GRI 102 15  
GRI 403 1  
GRI 403 2  
GRI 403 3  
GRI 403 5

**Hjá Norðuráli er mikil áhersla lögð á öryggi og vinnuvernd með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir slys og óhöpp. Til að tryggja öryggi starfsfólks, verktaka og gesta á svæðinu er gerð krafa um að allir sem starfa á og heimsækja athafnasvæði Norðuráls kynni sér öryggireglur til hlítar. Reglurnar ná til allra sem fara inn á athafnasvæði Norðuráls. Við störfum undir slagorðinu „Öll saman!“ sem vísar til þess að öryggi er samstarfsverkefni okkar allra sem störfum hjá Norðuráli. Við gætum hvers annars og hjálpumst að við að leysa hvers kyns verkefni með skynsamlegasta og öruggasta hætti.**

## Skipulag og stjórnun heilbrigðis- og öryggismála

Framkvæmdastjóri Norðuráls leiðir öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisnefnd (ÖHU). Í nefndinni eiga sæti framkvæmdastjórn Norðuráls og öryggistrúnaðarmenn. Nefndin er ráðgefandi í stefnumótun og markmiðasetningu og leitar leiða til úrbóta og forvarna í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum. Nefndin skal samkvæmt lögum (46/1980) taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins. Nefndin kys formann og ritara og skulu þau til skiptis vera úr röðum öryggistrúnaðarmanna og annarra nefndarmanna.

### Lögbundið hlutverk ÖHU felst í að

- taka þátt í gerð áhættumats og fylgja því eftir ásamt atvinnurekanda
- kynna starfsfólki áhættur á vinnustaðnum varðandi öryggi og heilsu og tryggja að það fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun
- fylgjast með að einelti viðgangist ekki á vinnustaðnum
- vélar og tækniþúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni starfsfólki ekki í hættu
- gæta þess að persónuhlífar séu til staðar, í góðu ástandi og notaðar í samræmi við reglur
- fylgjast með að skráningu slysa, óhappa og atvinnusjúkdóma sé sinnt

ÖHU skipar fagråd um málaflökka öryggis- og áhættustýringu, þátttöku og samskipti starfsfólks, vettvangsskoðanir, aðbúnað og velferð starfsfólks og um umhverfismál. Fagráðin funda reglulega og eiga í samskiptum við starfsfólk, bæði til að fræðast og fræða. Þau ráðfæra sig við ÖHU reglulega.

Hjá Öryggisdeild Norðuráls vinnur hópur fulltrúa og sérfræðinga sem eru m.a. sérhæfð í áhættumati, áhættustjórnun og atvikaransóknum. Öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins byggir á hugmyndafræði stöðugra umbóta og fylgir ISO stöðlum.

Áhættustýring og atvikaransóknir eru hluti af lykilferlum stjórnkerfa Norðuráls sem tekin eru út í innri úttektum. Vikulega eru haldnir fundir með stjórnendum þar sem úrlausnir atvika eru rýndar. Áhættugreiningar eru endurskoðaðar reglulega og leiðbeiningar fyrir reglubundin störf byggja á áhættugreiningum.



Öll störf Norðuráls á að vinna samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli sem búið er að áhættugreina. Allar vinnuleiðbeiningar má nálgast í gæðahandbók, á innra neti Norðuráls eða hjá næsta yfirmanni. Öll verk eru áhættuskimuð áður en þau hefjast.

Öll óhöpp, slys og tjón eru skráð í ábendingagrunn Norðuráls. Við trúum því að öll slys geri boð á undan sér og því viljum við einnig fá ábendingar um næstum-því-slys, öryggisábendingar og umhverfisábendingar. Unnið er úr öllum ábendingum og útbætur gerðar þegar við á.

### Samantekt á slysatölfræði

	2018	2019	2020	2021
Fjarveruslys	2	5	1	4
Meðferðarslys	3	2	1	6
Skráningarskyld slys	5	7	2	10
Tíðni fjarveruslysa	0,36	0,93	0,19	0,81
Tíðni meðferðarslysa	0,54	0,37	0,19	1,21
Tíðni skráningaskyldra	0,90	1,30	0,38	2,02

\*Tíðni vinnuslysa er gefin upp sem fjöldi slysa á hverjar 200.000 vinnustundir sem samsvarar vinnu 100 starfsmanna yfir árið.

## Menntun og þjálfun

**Starfsfólk sem hefur störf hjá Norðuráli fær nýliðþjálfun þar sem lögð er áhersla á öryggis- og umhverfismál. Farið er yfir stefnur fyrirtækisins og framleiðsluferli. Eftir kennslustofuþjálfun tekur við viðamikil þjálfun á hverri starfsstöð. Á árinu 2021 fékk hver starfsmaður að meðaltali um 9,5 klukkustundir í þjálfun. Á haustmánuðum var skipulögð teymisþjálfun fyrir allt starfsfólk, og náðu 90% þeirra að fara í gegnum þá þjálfun, en fella þurfti niður skipulagða þjálfunardaga sökum samkomutakmarkana. Stjórnendapþjálfun hófst í desember og fengu 16 vaktstjórar og formenn verkstæða 140 stunda stjórnendapþjálfun á síðasta ári, sem heldur áfram inn í mitt ár 2022.**

Nýtt starfsfólk situr námskeið og fær sértæka þjálfun eftir starfi. Sem dæmi má nefna „Læsa, merkja, prófa“ námskeið, fallvarnarnámskeið og námskeið um vinnu í lokuðu rými. Þörf á fræðslu fastráðins starfsfólks byggist á hæfniviðmiðum. Verktakar fá almenna kynningu árlega ásamt námskeiðum eftir þörfum.

Fræðsluáætlun tekur á upprifjun og endurþjálfun í ýmsum öryggisatriðum, t.d. þjálfun stjórnenda í skyndihjálpi, atvikarannsóknunum og endurþjálfun í fallvörnum. Starfsfólk framleiðsludeilda rýnir á hverju ári vinnuleiðbeiningar reglubundinna starfa. Auk reglubundinnar þjálfunar eru stefnur Norðuráls í gæða-, umhverfis-, öryggis-, mannréttinda-, og jafnréttismálum, vel sýnilegar á vinnusvæði Norðuráls og samskiptamiðlum.

Öryggisreglur Norðuráls ná til allra sem starfa á vinnusvæði fyrirtækisins, hvort sem um er að ræða starfsfólk Norðuráls eða verktaka. Verktakar fá kynningu og þjálfun í öryggismálum áður en þau hefja störf.

Öryggisreglur Norðuráls má nálgast hér: <https://nordural.is/oryggisreglur-fyrir-verktaka/>

Í september 2021 hófu 12 nemendur grunnnám við Stóriðjuskóla Norðuráls, en fyrri hluti námsins er 3 annir. Hlutfall kvenna í hópi nemenda er 23%. Skólinn var settur á laggirnar árið 2012 og hafa 180 starfsmenn útskrifast úr skólanum. Stóriðjuskólinn er samstarfsverkefni Norðuráls, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og Fjölbrautarskóla Vesturlands. Námið er hluti af framhaldsfræðsluferfi landsins og fá nemendur allt að 45 einingar metnar á framhaldsskólastigi fyrir bæði grunn- og framhaldsnám, en námsskráin kemur frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins. Í náminu öðlast starfsfólk skilning á framleiðsluferli fyrirtækisins, kynnist starfsemi annarra deilda innan fyrirtækisins, fer í gegnum grunnnám á framhaldsskólastigi og vinnur að lokum umbótaverkefni sem nýtast til að gera vinnustaðinn og starfsumhverfið ennþá betra.

Starfsmannasamtöl ásamt leiðrétandi og uppbyggjandi endurgjöf eru hluti af reglubundnu mati á frammistöðu og starfsþróun starfsfólks. Hver starfsmaður fer í að minnsta kosti eitt starfsmannasamtal á ári með næsta yfirmanni. Stefnt er að því að innleiða verklag þar sem starfsmannasamtöl eru tíðari, en með því skapast meira traust á milli starfsfólks og stjórnenda, sameiginlegur skilningur ríkir um forgang verkefna og vellíðan í starfi eykst. Þar sem árið 2021 einkenndist af miklum samkomutakmörkunum og sóttvörnum voru samskipti starfsfólks og stjórnenda ekki með sama hætti og venja er. Af þeim sökum náðist aðeins að eiga formleg starfsmannasamtöl með um 65% starfsfólks.

## Réttindi og virðing

**Trúnaðarmenn frá þeim stéttarfélögum sem eru aðilar að kjarasamningi Norðurláls eru sex, auk aðaltrúnaðarmanns. Engin mál komu upp á árinu sem tengdust brotum á vinnurétti.**

Miklar breytingar urðu á vinnuskipulagi í framleiðslueiningum fyrirtækisins á vormánuðum, en 1. maí 2021 breyttist vaktakerfi í kerskála, steypuskála og viðhaldi úr 12 tíma vöktum og fjórum vakthópum í 8 tíma vaktir með fimm vakthópum. Styttri vaktir, lengri vaktافرí og minni vinnuskylda er liður í því að gera vinnustaðinn fjölskylduvænni, auka jafnvægi milli vinnu og einkalífs og gera vinnustaðinn meira aðlaðandi fyrir konur.

Á sama tíma breyttist vinnutími dagvinnustarfsfólks, en vinnustundum fækkaði um eina og hálfu klukkustund á viku frá og með 1. maí. Á árinu 2022 verður unnið áfram að enn frekari vinnutímastyttingu dagvinnustarfsfólks þar sem ýmis umbótaverkefni eins og rýni ferla miða að minni sóun og betra verklagi, sveigjanlegum neysluhléum og ýmsum breytingum. Ekki er langur tími liðinn síðan breytingarnar tóku gildi en spurt var um viðhorf starfsmanna til breytinganna í vinnustaðgreiningunni í október. Niðurstaðan var sú að 75% starfsfólks var ánægt með eða hlutlaust gagnvart breytingunni.






## Norðurlálmótið og ýmis samfélagsverkefni

**Norðurlál styrkir ýmis samfélagsverkefni og nam upphæðin til þessara verkefna á þriðja tug milljóna árið 2021. Félagið er stoltur styrktaraðili knattspyrnufélagsins ÍA á Akranesi og knattspyrnufélagsins Vals á höfuðborgarsvæðinu, með áherslu á stuðning við starfið í yngri flokkum.**

Á sumrin flykkjast fjölskyldur yngstu fótoltasnillinganna alls staðar að af landinu til Akraness þar sem Norðurlálmótið er haldið. Mótið er eitt það fjölmennasta hér á landi og tóku 1750 stelpur og strákar á aldrinum 6-8 ára þátt í því á árinu 2021, sem er metþátttaka. Um 800 sjálfboðaliðar lögðu hönd á plóg og sá ÍA um utanumhald og skipulagningu líkt og áður.


Samningar við Fablab og Golfklúbbinn Leyni voru undirritaðir voru á árinu. Þá má nefna smærri styrki sem runnu meðal annars til Mæðrastyrksnefndar, Björgunarfélags Akraness, Sundfélags Akraness og fleiri aðila.

GRI NÚMÉR	TITILL	SKÝRSLUGJÖF	BLS.	HEIMSMARKMIÐ
	<b>STEFNA OG GREINING</b>			
102-14	Ávarp forstjóra	Já	4	
102-15	Helstu áhrifaþættir starfseminnar, áhættur og tækifæri	Já	18, 37, 41	
	<b>UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKI</b>			
102-1	Nafn fyrirtækis	Norðurál Grundartangi ehf.	5	
102-2	Helstu vörur og þjónusta	Já	5	
102-3	Staðsetning	Já	5	
102-4	Fjöldi landa og þau lönd sem fyrirtækið starfar í og hefur umtalsverð áhrif á nærsamfélagið	Já	Starfsemi fyrirtækisins er á Íslandi.	
102-5	Eignarhald og rekstarform	Já	5	
102-6	Markaðir og viðskiptavinir	Já	5	
102-7	Stærð og umfang fyrirtækis	Já	5, 15	
102-8	Samsetning vinnuaflds	Já	37	
102-41	Hlutfall kjarasamningsbundinna starfsmanna	Já	37	
102-9	Virðisikeðjan	Já	5, 10	
102-10	Umtalsverðar breytingar á tímabili	Já	8, 9	
	<b>ÞÁTTAKA Í YTRI VERKEFNUM</b>			
102-11	Notkun á varúðarreglum	Já	10, 13	
102-12	Utanaðkomandi efnahags- umhverfis- og/eða samfélagsviðmið og reglur sem fyrirtækið fer eftir eða styðst við	Já	4, 6, 7, 8, 10, 11, 12, 13, 14, 17, 18, 20, 28, 32, 35, 37, 41	
102-13	Aðild að samtökum og/eða þar sem fyrirtækið á fulltrúa í stjórn, tekur þátt íslenskum/alþjóðlegum þrýstihópum verkefnum, leggur til fé eða lítur á aðild sem mikilvæga	Já	10, 12	
	<b>UMFANG OG TAKMARKANIR Á EFNISTÖKUM SKÝRSLUNNAR</b>			
102-45	Fyrirtæki sem eru inni í samstæðureikningi	Já	Upplýsingar í skýrslu eiga við starfsemi Norðuráls á Grundartanga	
102-46	Greining á efnistöku, verkferlum og afmörkun skýrslunnar	Já	3	
102-47	Lýsing og skilgreining þátta sem höfðu áhrif á efnistöku skýrslunnar	Já	3	
103-1	Upplýsingar um takmarkanir á umfangi og efnistöku um skýrslunnar	Já	3	
102-48	Útskýring á breyttri framsetningu á upplýsingum miðað við eldri skýrslur	Á ekki við	Fyrsta GRI skýrsla Norðuráls	
102-49	Útskýring á breytingum á framsetningu skýrslunnar er varðar umfang, takmarkanir og/eða mæliaðferðir	Á ekki við		
	<b>ÞÁTTAKA HAGSMUNAAÐILA</b>			
102-40	Listi yfir hagsmunaaðila sem starfa með fyrirtækinu	Já	11, 12	
102-41	Sameiginlegir kjarasamningar	Já	39	
102-42	Skilgreining á vali hagsmunaaðila	Já	11,12	
102-43	Samstarf við hagsmunaaðila og verklag, þ.m.t. tíðni samstarfs eftir eðli og hagsmunahópum	Já	11, 12, 19, 44	
102-44	Helstu viðfangsefni og málefni sem hafa komið upp í tengslum við hagsmunaaðila og viðbrögð	Já	12	
102-45	Aðilar sem eru hluti af samstæðureikningi	Já	3	
102-46	Skilgreining á efni skýrslu og mörkum efnistaka	Já	3	
102-47	Listi yfir viðfangsefni	Já	2	
	<b>VIÐFANGSEFNI SKÝRSLUNNAR</b>			
102-50	Tímabil skýrslugjafar	Árið 2021	3	
102-51	Dagsetning síðustu samfélagskýrslu	Fyrsta skýrsla	3	
102-52	Tíðni skýrslugjafar	Árleg skýrslugjöf		
102-53	Tengiliðir varðandi fyrirspurnir um skýrsluna	Sólveig Kr. Bergmann, frkvstj.samskipta	solveig@nordural.is	
102-54	Ferli og skýrslugerð í samræmi við GRI staðla	Já	3,4	
102-56	Ytri ráðgjöf á stefnumótun og starfsháttum í tengslum við skýrslugerðina	Langbrók ehf.	3	
102-55	GRI efnisyfirlit		2	
102-22	Samsetning framkvæmdastjórnar og undirnefnda		11	
102-23	Tilgreinið hvort stjórnarformaður sé einnig framkvæmdastjóri	Stjórnarformaður fer ekki með hlutverk framkvæmdastjóra		

GRI NÚMÉR	TITILL	SKÝRSLUGJÖF	BLS.	HEIMSMARKMID
	<b>STJÓRNARHÆTTIR</b>			
102-25	Ferlar sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra hjá framkvæmdastjórn		10, 11, 13, 17	
102-34	Eðli og umfang atriða/málefna sem vísað var til framkvæmdastjórnar	Á ekki við		
102-35	Skýrið kjarastefnu framkvæmdastjórnar	Já	Laun framkvæmdastjóra taka mið af markaðslaunum starfsfólks í sambærilegum iðnaði.	
	<b>SÍÐFERDI OG HEILINDI</b>			
102-38	Siðareglur, gildi, reglur	Já	6, 7, 13, 14	
102-17	Ráðgjöf vegna síðferðilegra og lagalegra málefna	Já	13	
102-17	Skilgreining á innri og ytri ferlum sem fylgt er eftir til að upplýsa um ósiðlega hegðun, lögbrot og mál tengd heilindum fyrirtækisins	Já	13	
200	<b>ECONOMIC</b>			
201-1	Bein efnahagsleg verðmæti sem hafa skapast	Já	15	
201-2	Efnahagslegur tilkostnaður og aðrar hættur sem skapast vegna loftlagsbreytinga	Já	6, 17	
201-3	Tryggingar fyrirtækisins vegna bótaáætlunar	Já	Starfsmenn greiða lögbundnar skyldutryggingar lífeyrisréttinda. Norðurál greiðir lögbundið mótframlag í séreignarsparnað og starfsmenn 2-4%	
201-4	Fjárhagsleg aðstoð frá hinu opinbera	Já (tilgreina hvort sem er)	Fjárfestingasamningur við ríkið er ekki í gildi.	
202-1	Byrjunarlaun eftir kyni miðað við lágmarkslaun á markaði	Já	Laun skv. kjarasamningi, óháð kyni.	
202-2	Hlutfall æðstu stjórnenda sem hafa verið ráðnir úr nærsamfélagi fyrirtækisins	Já	Þrjú framkvæmdastjórnar hjá Norðuráli eru frá Akranesi.	
203-1	Áhrif fjárfestinga í innviðum og þjónustu	Já	17	
203-2	Óbein efnahagsleg áhrif	Já	16	
204-1	Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	Já	16	
205-1	Áhættumat og aðgerðir til að auðkenna spillingu	Já	13, 17, 36	
205-2	Miðtun og þjálfun til að sporna við spillingu	Já	13, 17, 43	
205-3	Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir	Já (ekkert tilvik)		
206-1	Heildarfjöldi lögsókna og niðurstöður mála vegna brota á samkeppnislögum, auðhringjamyndun og einokunar.	Já	Ekkert tilvik	
207-1	Útlistun á skattaumhverfi, skattastefnu og upplýsingagjöf	Já	15, 16	
207-2	Skattastjórnun, eftirlit og áhættustjórnun	11	16	
207-3	Samskipti við haghafa (s.s. eftirlitsaðila) í skattamálum	Já útlistun á samskiptum	12	
207-4	Skattaupplýsingar eftir löndum	Skýrslan tekur einungis yfir starfsemi á Íslandi		
300	<b>ENVIRONMENTAL</b>			
301	<b>EFNISNOTKUN</b>			
301-1	Notkun hráefna eftir þyngd eða rúmmáli	Já	23, 26, 27, 33	
301-2	Hlutfall nýtttra efna sem koma frá endurvinnslu	Já	24, 31	
301-3	Tilvik um innkallaðar vörur og umbúðir	Já (ef ekkert tilvik þá að greina frá því)		
302	<b>ORKA</b>			
302-1	Heildarmagn orkunotkunar innan fyrirtækis	Já	23, 27, 33	
302-2	Heildarmagn orkunotkunar utan fyrirtækis	Já	28	
302-3	Orkunotkun á framleiðslueiningu	Já	33	
302-4	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun	Já	20, 21, 33	
302-5	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun vegna vöru og þjónustu	Já	20, 21	
303	<b>VATN OG FRÁRENNSLI</b>			
303-1	Ferli vatnsnotkunar eftir uppruna	Já	34	
303-2	Stjórnun og áhrif vatnsrennslis	Já	34	ATH - SS
303-3	Vatnsupptaka - Heildarrúmal notað og endurunnið	Já	34	
303-4	Heildarrennslis og sundurliðun vatnsnotkunar	Já	34	
303-5	Heildarmagn vatnsnotkunar	Já	23, 34	
304	<b>LÍFFRÆDILEG FJÖLBREYTNÍ</b>			
304-1	Starfsemi í nálægð við eða á vernduðum landssvæðum	Á ekki við		



GRI NÚMÉR	TITILL	SKÝRSLUGJÖF	BLS.	HEIMSMARKMID
304-2	Áhrif starfsemi á líffræðilegan fjölbreytileika	Já	21, 35	
304-3	Verndaður eða endurreistur jarðvegur	Nei		
304-4	Fjöldi tegunda á náttúruverndarlistum sem verða fyrir umhverfisáhrifum af starfseminni	Nei		
305	<b>LOFTSLAGSMÁL - KOLEFNISLOSUN</b>			
305-1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu	Já	24, 26, 28, 29	
305-2	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar (Scope 2)	Já	28	
305-3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (Scope 3)	Já	28, 30	
305-4	Magn gróðurhúsalofttegunda á framleiðslueiningu	Já	28, 29	
305-5	Aðgerðir að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda	Já	20, 28	
305-6	Losun ósóneyðandi efna (ODS)	Já	26	
305-7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOx), brennisteinsoxíðs (SOx) og önnur losun	Já	26	
306	<b>ÚRGANGUR OG FRÁRENNSLI</b>			
306-1	Heildar vatnsfrárennsli eftir viðtökustað og gæðum	Já	24	
306-2	Tegund úrgangs og ráðstöfunaraðferðir	Já	24, 25, 32, 34	
306-3	Fjöldi tilvika og magn marktækra efnaleka	Nei	Ekkert tilvik	
306-4	Flutningur og meðferð spilliefna	Já	Flutningur er í höndum vottaðra endurvinnsluaðila	
306-5	Áhrif úrgangs/sorps á vatnsuppsprettu	Já	Ekkert tilvik	
307	<b>UMHVERFISLÖG</b>			
307-1	Atvik tilgreind þar sem ekki var fylgt eftir umhverfislögum og/eða reglugerðum	Já	36	
308	Umhverfisáhrif birgja			
308-1	Greining á nýjum birgjum byggt á umhverfisviðmiðum	Já, að hluta	36	
308-2	Neikvæð umhverfisáhrif innan virðisæðjunnar og mótvægisáðgerðir	Já	36	
400	<b>SOCIAL - SAMFÉLAG</b>			
401	<b>MANNAUÐUR</b>			
401-1	Heildarfjöldi og hlutfall nýrra starfsmanna og starfsmannavelta eftir aldurshópum	Já að hluta	37	
401-2	Hlunnindi fastráðinna starfsmanna í fullu starfi sem hluta- eða lausráðnir starfsmenn fá ekki	Já	38, 39	
401-3	Fæðingaorlof - Hlutfall þeirra sem snúa aftur til vinnu eftir fæðingaorlof	Já	39	
402	<b>KJARAMÁL</b>			
402-1	Upplýsingagjöf til starfsmanna varðandi breytingar á starfsemi fyrirtækisins	Já	Grein 8.09.1 í Kjarasamningi starfsmanna Norðurláts G	
403	<b>VINNUEFTIRLIT</b>			
403-1	Skipulag og stjórnun heilbrigðis og öryggismála	Já	41	
403-2	Áhættumat, áhættugreining og rannsókn á slysum	Já	41	
403-3	Vinnueftirlit á hættulegum störfum (aukin áhætta á þróun starfstengdra sjúkdóma)	Já		
403-4	Þáttaka starfsmanna í fræðslu og forvörnum á heilsu og öryggi í starfi (efnistök er varða heilsu- og öryggismál í kjarasamningum)	Já	38, 42, 43	
403-5	Fræðsla og þjálfun í öryggismál/vinnueftirlit starfsmanna	Já	41, 42, 43	
403-6	Fræðsla og aðgerðir til að efla heilbrigði starfsmanna	Já	43	
403-7	Forvarnir og inngrip í tengslum við heilsu og þjónustu annarra starfsmanna	! Nei		
403-8	Starfsmenn sem falla undir sérstakt heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi	Já	43	
403-9	Atvinnutengd sly	Já	42, 43	
403-10	Atvinnutengd sjúkdómar	Já	38, 39	
404	<b>MENNTUN OG ÞJÁLFUN</b>			
404-1	Meðalfjöldi klukkustunda sem starfsmenn fá í þjálfun á ári eftir kyni og starfsgrein	Já	43	
404-2	Aðferðir til að stuðla að auknum tækifærum starfsmanna til að fá stöðuhækkun	Já	43	

GRI NÚMÉR	TITILL	SKÝRSLUGJÖF	BLS.	HEIMSMARKMID
404-3	Hlutfall starfsmanna sem fá regluleg starfsmannasamtöl til þróunar í starfi, flokkað eftir kyni og starfaflokki	Já	43	
405	<b>FJÖLBREYTILEIKI OG TÆKIFÆRI</b>			
405-1	Fjölbreytileiki í stjórnunarstöðum og hjá starfsmönnum	Já	23, 37	
405-2	Hlutfall grunnlauna og hlunninda kvenna af launum karla eftir starfi og starfsstöðvum	Já	38	 
406	<b>JAFNRÉTTI</b>			
406-1	Brot á vinnuréttindum og mótvægisáðgerðir	Já	44, Engin tilkynnt brot	
407	<b>FÉLAGAFRELSI</b>			
407-1	Starfsstöðvar og birgjar sem eru í áhættu varðandi brot á rétti einstaklinga til félagafrelsis og kjarasamninga	Já	Engin tilkynnt frávik	
408	<b>VINNA BARNNA</b>			
408-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögulega geta brotið á réttindum barna	Á ekki við		
409	<b>NAUÐUNGARVINNA</b>			
409-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögulega geta brotið á vinnuréttindum starfsmanna	Á ekki við		
410	<b>MANNRÉTTINDI</b>			
410-1	Þjálfun starfsmanna í mannréttindastefnu eða verklagsreglum fyrirtækisins	Já	43	
411	<b>MANNRÉTTINDI</b>			
411-1	Atvik þar sem brotið er á réttindum frumbyggja	Á ekki við		
412	<b>MANNRÉTTINDI</b>			
412-1	Fjöldi atvika sem hafa varðað mannréttindabrot	Nei á ekki við		
412-2	Þjálfun og fræðsla starfsmanna á mannréttindamálum	Já	43	
412-3	Samningar sem innihalda mannréttindaákvæði eða voru kortlagðir með viðmið mannréttinda að leiðarljósi	Já, að hluta	10, 13, 36	
413	<b>NÆRSAMFÉLAG</b>			
413-1	Áðgerðir/verkefni í samstarfi við nærsamfélagið - Þróun og stöðumat.	Já	12, 19, 44	
413-2	Starfsemi sem gætu haft neikvæð áhrif á nærsamfélagið	Já	21, 35	
414	<b>SAMFÉLAGSÁHRIF BIRGJA</b>			
414-1	Kortlagning á félagslegum krítérium nýrra birgja	Já að hluta	10, 13, 31, 36	
414-2	Neikvæð samfélagsáhrif í virðisbætur og áðgerðir	Já að hluta	10, 31, 36	
415	<b>STEFNA</b>			
415-1	Fjárframlag stjórnvalda	Nei	Engin fjárframlög frá stjórnvöldum.	
416	<b>ÖRYGGI OG HEILSA VIÐSKIPTAVINA</b>			
416-1	Mat á áhrifum á heilsu og öryggi á sviði vöru og þjónustu	Á ekki við		
416-2	Heilsa og öryggi - Tilvik þar sem ekki var fylgt eftir reglum	Já	Ekkert atvik tilgreint á árinu 2021	
417	<b>MARKADSMÁL</b>			
417-1	Reglur varðandi merkingu á vöru og þjónustu	Á ekki við		
417-2	Atvik þar sem ekki var fylgt eftir reglum varðandi merkingar á sviði vöru og þjónustu	Á ekki við		
417-3	Atvik þar sem ekki var fylgt eftir vinnuferlum í kynningar- og markaðsmálum	Á ekki við		
418	Persónuvernd viðskiptavina			
418-1	Kvartanir er varða brot á persónuvernd eða tap á gögnum viðskiptavina	Nei	Engin tilvik	
419	Fylgni við lög og reglur			
419-1	Atvik þar sem ekki er fylgt eftir lögum og reglugerðum á sviði félags- og efnahagsmála	Nei	Engin tilvik	

